



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Sigurður M. Jónsson
formaður Ritnefndar FLE
Maí 2004
27. árgangur 1. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Gæðamál	1
Af stjórnarborði.....	4
Áhættustýring og innra eftirlit	5
Frá menntunarnefnd FLE.....	8
Erfðafjárskattur á Spáni	10
Um samkeppnishæfni íslenskra skattareglna.....	13
Í Vesturheimi.....	17
Frá endurskoðunarnefnd FLE	19
Landsaðgangur að gagnasöfnum, hvar.is.....	20
Niðurstöður lögildingarprófa 2003.....	21
Athyglisverðir úrskurðir yfirkattarnefndar	22
GOLFdagsskrá FLE sumarið 2004	24

Gæðamál

Forsagan

Á aðalfundi félags löggiltra endurskoðenda í nóvember 2002, var ákveðið að Gæðanefnd skyldi móta tillögur að reglum um gæðaeftirlit FLE og skyldi í starfi sínu taka tillit til tilmæla framkvæmdastjórnar ESB frá því í nóvember árið 2000 í þeim efnum.

Útgáfa gæðahandbókar, að tilstuðlan Endurskoðunarnefndar og námskeið sem nefndin stóð fyrir á árinu 2003 um efni hennar, var nauðsynlegur þáttur í innleiðingu gæðaeftirlitsins. Gæðanefnd FLE vann á árinu 2003 úttekt á gæðastjórnunarkerfum þeirra endurskoðunarstofa sem töldu sig hafa slíkt kerfi og kynnti niðurstöður sínar á aðalfundi félagsins í nóvember 2003. Þar lagði nefndin einnig fram tillögur að reglum um gæðaeftirlit og fylgdi þeim eftir í bréfi til félagsmanna stuttu síðar, þar sem óskað var eftir skriflegum athugasemdum við tillögurnar fyrir 1. mars 2004.

Að mati Gæðanefndar er ljóst að allt áframhaldandi starf á þessu sviði verður að hafa regluramma til að byggja á. Verklagsreglur og framkvæmdin verða að hafa þennan grundvöll sem reglurnar skapa og mikilvægt er að félagsmenn séu sáttir við reglurnar frá upphafi og taldi nefndin því nauðsynlegt að fá fram athugasemdir félagsmanna við framkomnum tillögum. Því miður var það svo að viðbrögð við ósk Gæðanefndar urðu ekki eins og búist var við. Engar athugasemdir bárust. Þrátt fyrir það, töldu nefndarmenn að skoðanir manna væru skiptar í þessu efni og leituðu þeir því að eigin frumkvæði eftir athugasemdum og viðbrögðum endurskoðunarnefnda fyrirtækja sinna og bárust nefndinni í framhaldi af því ýmsar gagnlegar ábendingar. Endanlegar tillögur að reglunum voru síðan kynntar á Endurskoðunardegi 2004 og lagðar fyrir



Ásbjörn
Björnsson,
formaður
gæðanefndar FLE

félagsfund til afgreiðslu 5. maí 2004, þar sem tillögurnar voru samþykktar sem reglur félagsins um gæðaeftirlit.

Í 15. gr. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur segir m.a.:

„Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Félag löggiltra endurskoðenda setur siðareglur fyrir endurskoðendur. Að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla endurskoðendur.“

Gæðanefnd FLE telur brýnt að gæðaeftirlitið nái til allra endurskoðenda bæði út frá faglegum sjónarmiðum stéttarinnar í heild sinni og með tilliti til samkeppnisaðstæðna. Því markmiði má ef til vill ná með tengingu reglna um gæðaeftirlit við væntanlegar siðareglur sem settar yrðu og vísað er til í framangreindri lagagrein.

Reglur um gæðaeftirlit FLE

1. kafli – Gæðanefnd og markmið gæðaeftirlits

Gr. 1.1

Gæðanefnd er kosin á aðalfundi FLE sbr. 12. gr. samþykktta félagsins. Gæðanefnd hefur það



Ásbjörn Björnsson, Lárus Finnbogason, Símon Á. Gunnarsson, Árni Tómasson og Sigurður B. Arnþórsson ræða gæðamálin

hlutverk að móta, hafa yfirumsjón með og setja fram tillögur að reglum um gæðaeftirlit innan félagsins. Nánari verklagsreglur um framkvæmd gæðaeftirlits skulu samþykktar af stjórn FLE.

Gr. 1.2

Markmið gæðaeftirlits er:

1. að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra á hverjum tíma.
2. að tryggja að endurskoðendur innan FLE fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki og viðhaldi þar með trausti almennings.

2.kafli – Umfang gæðaeftirlits

Gr. 2.1

Gæðaeftirlit felur í sér könnun á gæðastjórnun, sbr. leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun. Gæðaeftirlitið skal fela í sér sannprófanir á að gæðaeftirlitskerfi starfi á fullnægjandi hátt.

Gr. 2.2

Gæðaeftirlitið nær til allra félaga FLE sem bera ábyrgð á endurskoðunarverkefnum. Gæðaeftirlitið getur beinst að endurskoðunarfyrirtæki í

heild sinni ef um sameiginlegt gæðastjórnunarkerfi er að ræða í fyrirtækinu.

Gæðaeftirlitið nær að jafnaði til endurskoðenda á sex ára fresti en Gæðanefnd getur ákveðið örara eftirlit vegna sérstakra aðstæðna.

3. kafli – Framkvæmd gæðaeftirlits

Gr. 3.1

Gæðanefnd ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits. Gæðanefnd tilnefnir gæðaeftirlitsmenn í samráði við stjórn FLE. Gæðaeftirlitsmenn skulu vera endurskoðendur með víðtæka reynslu af endurskoðunarstörfum.

Sá sem eftirlitið beinist að getur óskað eftir að fá annan gæðaeftirlitsmann og/eða að eftirlitið nái ekki til tiltekinna verkefna og skal þá rökstyðja beiðni sína þar að lútandi.

Gr. 3.2

Gæðaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur.

Ákvæði í 9. gr. laga um endurskoðendur þar sem fjallað er um vanhæfisástæður skulu einnig gilda um gæðaeftirlitsmenn. Sé gæðaeftirlits-

maður talinn vanhæfur skal varamaður kallaður til í hans stað. Gæðaeftirlitsmaður skal sjálfur upplýsa um aðstæður sem leitt gætu til vanhæfis hans.

Gr. 3.3

Gæðaeftirlitið skal framkvæmt á tímabilinu september til desember.

Gr. 3.4

Gæðaeftirlitsmenn skulu taka saman skýrslu um niðurstöður sínar og afhenda til þess aðila sem eftirlitið beinist að innan þriggja vikna frá því að könnun lauk. Þeim sem eftirlitið beinist að skal þá gefast kostur á að koma á framfæri athugasemdum, innan þriggja vikna, sem gæðaeftirlitsmenn taka afstöðu til. Þessar athugasemdir verða hluti af eftirlitsskýrslunni og skal endanleg skýrsla liggja fyrir þremur vikum síðar. Gæðaeftirlitsskýrslur skulu útbúnar með þeim hætti að nafnleyndar sé gætt. Sá sem eftirlitið beinist að fær afrit af endanlegri skýrslu.

Gr. 3.5

Efni eftirlitsskýrslu er trúnaðarmál og skal hvorki birt af gæðaeftirlitsmönnum né þeim sem tekinn var til skoðunar.

Gr. 3.6

Stjórn FLE ber ábyrgð á varðveislu eftirlitsskýrslna. Skýrslur skulu varðveittar með tryggilegum hætti eigi skemur en í 7 ár.

4. kafli – Hlutverk og störf Gæðanefndar

Gr. 4.1

Gæðanefnd metur í samráði við gæðaeftirlitsmenn allar eftirlitsskýrslur á mánaðarlegum fundum á tímabilinu október til mars hvert ár og tekur afstöðu til frekari meðferðar.

Meðferð Gæðanefndar á eftirlitsskýrslu getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Ef ekki hafa komið í ljós verulegir annmarkar verður eftirlitsskýrsla varðveitt án frekari afskipta.
2. Ef verulegir annmarkar hafa komið í ljós, skal sá sem eftirlitið beindist að, útbúa áætlun um það hvernig viðkomandi hyggst gera endurbætur innan þriggja vikna frá því að endanleg skýrsla liggur fyrir (sbr. 3.4). Árangur skal metinn með sérstakri skoðun á þeim atriðum þar sem úrbóta var þörf.
3. Ef aðili sem tekinn var til skoðunar bregst ekki við með viðunandi hætti, sbr. lið 2, skal nafnleynd endurskoðandans aflétt gagnvart stjórn FLE og skal Gæðanefnd vísa málinu til stjórnar FLE. Stjórn FLE er bundin þagnarskyldu um þau mál sem til hennar er vísað.

Gr. 4.2

Fundir nefndarinnar eru lögmatir ef allir nefndarmenn eru mættir. Rita skal fundargerð um fundi nefndarinnar.

Gr. 4.3

Gæðanefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allar þær upplýsingar sem þeir komast að við meðferð mála. Þagnarskyldan gildir ekki gagnvart stjórn FLE í þeim málum sem þangað er vísað.

Ákvæði í 9. gr. laga um endurskoðendur þar sem fjallað er um vanhæfisástæður skulu einnig gilda um gæðanefndarmenn. Sé nefndarmaður talinn vanhæfur skal varamaður kallaður til í hans stað. Gæðanefndarmaður skal sjálfur upplýsa um aðstæður sem leitt gætu til vanhæfis hans.

5. kafli – Fjármögnun gæðaeftirlits

Gr. 5.1

Félagsmaður FLE sem gæðaeftirlitið beinist að greiðir þóknun gæðaeftirlitsmanna samkvæmt tímagaldi sem ákveðið er árlega af stjórn FLE. FLE stendur undir öðrum kostnaði við gæðaeftirlitið.

6. kafli – Skýrslugerð fyrir aðalfund

Gr. 6.1

Gæðanefnd skal árlega taka saman skýrslu fyrir aðalfund FLE um starfsemina á liðnu starfsári, þar sem fram kemur almennt mat á niðurstöðum gæðaeftirlits.

Framíðin

Nú þegar félagsfundur hefur samþykkt reglurnar, munum við í Gæðanefndinni taka til við það að finna eftirlitsmenn til framkvæmdar á eftirlitinu sjálfu og munum við leita liðsinnar stjórnar FLE í þeim efnum. Nefndarmenn eru einnig farnir að huga að verklagsreglum sem nauðsynlegar eru við framkvæmdina og það er mat okkar að æskilegt sé að væntanlegir eftirlitsmenn komi að því verki með nefndinni á seinni stigum en stefnt er að því að drög geti legið fyrir í haust. Verklagsreglurnar verða ítarlegar leiðbeiningar um sjálfa framkvæmdina s.s. hvernig val á aðilum til skoðunar muni fara fram, sundurliðuð áætlun um framkvæmd eftirlitsins sjálfs ásamt gátlistum fyrir eftirlitsmenn og ákvæðum um lágmarks innihald eftirlitsskýrslna svo eitthvað sé nefnt.

Nefndin mun styðjast við vinnu sem áður hefur verið unnin af Gæðanefnd í þessum efnum og telur æskilegt að verklagsreglurnar og tilheyrandi listar verði félagsmönnum aðgengilegar á vefsvæði félagsins ásamt öðru efni frá Gæðanefnd.

Umhverfi okkar endurskoðenda er að breytast nokkuð hratt um þessar mundir og að mínu mati sér ekki enn fyrir allar afleiðingar fjárvikamálanna í Evrópu og Bandaríkjunum undanfarin misseri hvað varðar eftirlitsreglur og/eða lagasetningar sem tengjast starfi okkar. Evrópusambandið kynnti sér viðbrögð við tilmælum sínum um gæðaeftirlit frá árinu 2000 og á hvaða hátt aðildarríki tækju á verkefninu og nú er komin fram tillaga um breytingu á áttundu



„Reglur um gæðaeftirlit FLE“ voru bornar upp og samþykktar á félagsfundi FLE 5. maí sl.

tilskipun sambandsins. Þau atriði sem snúa að gæðaeftirliti virðast mér ganga út á að festa tilmælin frá árinu 2000 í tilskipun með aðkomu og eftirliti hins opinbera, viðurlögum við brotum ofl. Við verðum ekki bundin af tilskipuninni fyrr en hún verður tekinn inn í EES samninginn og þess ber að geta að enn er þetta í tillögufasa hjá ESB. Breytingin gæti þó orðið að veruleika gagnvart okkur strax á næsta ári.

Hvort þetta kollvarpar fyrirhuguðu eftirliti okkar eins og við erum að fara af stað með það og hvernig málin þróast hér, skal ósagt látið og hvort við, sökum smæðar okkar, getum uppfyllt skyldur í þessum efnum með öðrum hætti en kveðið er á um í tillögum að breytingu á tilskipuninni. Hins vegar er mikilvægt að mínu mati að félagið haldi áfram starfi sínu á þessu sviði og að því verði hraðað eins og kostur er. Ég hef þá trú að okkur auðnist að framkvæma þetta á þann hátt að eining ríki um framkvæmdina og að eftirlitið verði uppbyggilegt og til hagsbóta bæði fyrir félagið og félagsmenn. Hvernig svo sem þessi mál þróast á næstunni, er ekki ólíklegt að litið verði til þeirrar framkvæmdar sem þegar er fyrir hendi. Reglur okkar og eftirlitið í framhaldinu býr okkur undir hugsanlegar sviptingar á þessu sviði á næstu árum, styður við faglega þekkingu félagsmanna og hjálpar til að viðhalda því trausti, sem ég tel að við höfum enn, þrátt fyrir allt, úti í þjóðfélaginu.



Af stjórnarborði



Sigurður B.
Arnþórsson
formaður FLE

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar – áttunda tilskipunin

Evrópusambandið hefur lagt fram tillögu að breytingum á áttundu tilskipuninni um endurskoðun, þar sem lagt er til að alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir (ISA) skulu ná til endurskoðunar allra félaga á evrópska efnahagssvæðinu frá og með ársbyrjun 2006. Önnur markmið með boðuðum breytingum á tilskipuninni eru m.a. þau að skilgreina betur skyldur endurskoðenda og að óhæði þeirra sé tryggt. Settar eru fram kröfur um ytra gæðaeftirlit og að opinbert eftirlit með störfum endurskoðenda verði aukið. Jafnframt er tekið á kröfum um siðareglur þar sem sambandið setur það sem lágmarkskröfu að siðareglur IFAC séu innleiddar á evrópska efnahagssvæðinu.

Þessi mál hlutu mikla og góða umfjöllun á endurskoðunardegri félagsins þann 16. apríl s.l., en ljóst er að mikil vinna er framundan í þessum málum bæði á vegum félagsins og hins opinbera. Mun sú vinna koma í beinu framhaldi af þeirri vinnu sem nú er í gangi í tengslum við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, vegna samstæðureikninga skráðra félaga, sem taka gildi frá og með byrjun árs 2005.

Það er ljóst að við erum stödd á miklum umbreytingartímum í heimi endurskoðunar og framtíð okkar ræðst af því hvernig við bregðumst við þeim breytingum sem boðaðar eru.

Við getum því miður ekki lengur vitnað til sögunnar til að benda á mikilvægi okkar og traust í heimi viðskipta.

Endurskoðunarstéttin stendur frammi fyrir því að vinna sér inn trúnað og traust aðila viðskiptalífsins.

Það er því mikilvægt að félagið standi vel við bakið á félagsmönnum við að tileinka sér alþjóðlega staðla bæði á sviði endurskoðunar og reikningsskila.

Við þurfum jafnframt að taka reglur um gæðaeftirlit og óhæðis- og siðareglur föstum tökum og sýna ákveðna forystu í þeim efnum gagnvart hinu opinbera.

Heimasíður

Í byrjun síðasta mánaðar urðu þau merku tímamót í starfi NRF, Norræna endurskoðendasambandsins, að opnuð var heimasíða á vegum þess. Þar er að finna helstu upplýsingar um NRF og aðildarlönd þess, þátttöku NRF í alþjóðlegu samstarfi, svo sem FEE og IFAC, og aðrar upplýsingar sem snerta starfsemi félagsins. Einnig er þar að finna helstu fréttir frá Norður-löndunum og jafnframt tengla til að komast beint inn á heimasíður allra félaga innan NRF, sem og ýmsar aðrar áhugaverðar síður fyrir endurskoðendur. Heimasíðan er á ensku og er slóðin www.nrfaccount.se. Um leið og ég óska NRF, og þá sérstaklega Björn Markland framkvæmdastjóra NRF, til hamingju með þetta framtak, vil ég hvetja alla félagsmenn til að heimsækja og nota síðuna.

Á sama tíma hefur ritnefnd FLE unnið hörðum höndum að nýrri heimasíðu félagsins. Nú er svo komið að undirritaður hefur verið samningur við aðila sem mun annast uppsetningu og viðhald síðunnar og er þessa dagana verið að vinna að uppsetningu hennar. Eins og áður hefur komið fram er ætlunin sú að heimasíðan verði góður vettvangur fyrir stjórn og nefndir félagsins til að koma hinum ýmsu málafnum á framfæri og að hún komi m.a. til með að þjóna þeim tilgangi sem handbók endurskoðenda hefur gert til þessa. Vonast er til að hin nýja heimasíða fari í loftið í byrjun sumars.

Ríkisendurskoðun – þingmannafrumvarp

Á aðalfundi Félags löggiltra endurskoðenda sem haldinn var 8. nóvember sl. var eftirfarandi samþykkt:

„Aðalfundur FLE, haldinn á Akureyri 8. nóvember 2003, beinir til nýkjörinnar stjórnar félagsins, að hún hlutist til um að fram fari úttekt á fyrirkomulagi Ríkisendurskoðunar. Úttektin beinist einkum að því hvort hagkvæmt sé (t.d. með útböðum) að sjálfstætt starfandi endurskoðunarfyrirtæki og endurskoðendur leysi Ríkisendurskoðun af hólmi við fjárhagsendurskoðun ríkisaðila og hlutafélaga sem eru í meirihlutaeigu ríkisins.“

Stjórn félagsins sendi í ársbyrjun bréf til forsætisnefndar Alþingis og Ríkisendurskoðunar þar sem þessari bókun var komið á framfæri. Þess var jafnframt getið að stjórnin vænti þess að fagleg umræða um endurskoðun ríkissjóðs, og fyrirtækja og stofnana í eigu ríkissjóðs geti orðið til þess að bæta það starf og styrkja jafnframt endurskoðun sem faggrein hér á landi.

Í framhaldi af þessari umræðu innan félagsins hefur nú komið fram á Alþingi þingmannafrumvarp um breytingu á lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að eðlilegt þyki að endurskoðun reikninga félaga í eigu ríkissjóðs sem rekin eru sem sjálfstæðar einingar, fari fram með sama hætti og almennt gerist, þ.e. að sjálfstætt starfandi endurskoðendur annist hana.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 og taki til endurskoðunar ársreikninga frá og með rekstrarárinu 2005.

Stjórn félagsins fagnar framkomnu frumvarpi og gerir sér vonir um að það nái fram að ganga, enda er frumvarpið á sömu nótum og bókun sú sem félagsmenn samþykktu samhliða á síðasta aðalfundi.

Stjórnunarhættir fyrirtækja (corporate governance)

Verslunarráð Íslands gaf út á dögunum leiðbeiningar um stjórnunarhætti fyrirtækja. Markmiðið með þessum leiðbeiningum er að skýra

hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja á Íslandi og auðvelda þeim þannig að rækja skyldur sínar.

Fram kemur í inngangi bæklingins að það sé mikilvægt að viðskiptalífið taki með þessum hætti ákveðið frumkvæði með það að markmiði að styrkja umgjörð atvinnulífsins. Jafnframt kemur fram að leiðbeiningarnar henti hlutfélögum, hvort sem þau eru skráð í Kauphöll Íslands eða ekki.

Eitt af þeim atriðum sem fram koma í leiðbeiningunum og snúa að okkur endurskoðendum er umfjöllun um endurskoðunarnefnd, sem undirnefnd stjórnar. Þar kemur m.a. fram að hlutverk nefndarinnar sé eftirlit með fjárhagslegri stöðu félagsins, mat á innra eftirlitskerfi félagsins og áhættustýringu, svo og mat á endurskoðunarskýrslum og öðrum störfum löggilts endurskoðanda félagsins.

Það telst góður síður að fagna því sem vel er gert og vil ég því fyrir hönd stjórnar FLE óska Verzlunarráði til hamingju með þetta framtak og ekki síður þeim einstaklingum sem skipuðu þann starfshóp sem vann verkið.

Nýir félagsmenn FLE

Í byrjun árs tilkynnti prófanefnd að fjórir einstaklingar hefðu staðist verkleg próf til löggildingar í endurskoðun. Svo fáir hafa ekki útskrifast síðan á árinu 1997 en á síðast liðnum sex árum hafa að meðaltali um tíu einstaklingar útskrifast á ári hverju. Stjórnin telur þetta vera umhugsunarefni, og hvort ekki þurfi að skoða, með heildarmyndina í huga, bóklega námið á háskólastigi, starfsþjálfunina sem namar eiga rétt á þar sem þeir ráða sig til starfa, og síðast en ekki síst prófundirbúninginn sjálfan. Nánar er fjallað um prófniðurstöður hér í blaðinu.

Hinir nýútskrifuðu endurskoðendur hafa allir gerst félagar í FLE og fyrir hönd stjórnar býð ég þá velkomna í félagið um leið og ég óska þeim til hamingju með áfangann.

Nú er svo komið að stéttin telur 300 endurskoðendur og þar af eru 284 skráðir félagsmenn.

Áhættustýring og innra eftirlit

Í starfsemi fjármálafyrirtækja hefur vaxandi áhersla verið lögð á áhættustýringu og innra eftirlit. Aukin áhersla á þessa þætti hefur komið bæði frá stjórnendum fyrirtækjanna og Fjármálaeftirlitinu. Með fullnægjandi innra eftirliti og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum aukast líkur á að starfsemi og fjárhagsstaða þeirra séu í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum viðskiptamanna. Reynslan sýnir að undanfari erfiðleika í starfsemi fjármálafyrirtækja hefur oft verið skortur á yfirsýn stjórnenda, ófullnægjandi markmiðssetning varðandi áhættutöku og veikleikar í innra eftirliti. Hér á eftir verður gerð grein fyrir aðgerðum Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði að undanförnu.

Í janúar 2002 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2002 um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Í tilmælunum eru settar fram lágmarkskröfur varðandi innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Í tilmælunum er sérstök áhersla lögð á ábyrgð og skyldur stjórna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja. Fyrirmyndin er sótt til grunnreglna um þetta efni sem Basel-nefnd um bankaeftirlit sendi frá sér á árinu 1998. Tilmælin gilda fyrir viðskiptabanka, sparisjóði, lánaþyrirækni, verðbréfaþyrirækni og váttryggingafélög og aðra eftirlitsskylda aðila eftir því sem við getur átt. Tilmælin skiptast í eftirfarandi 6 megin efnisþætti:

1. Yfirsýn stjórnenda og eftirlitsstarfshættir

1.1. Hlutverk stjórnar:

- Setja markmið varðandi áhættu í starfsemi.
- Ákveða mörk varðandi áhættutöku.
- Eftirlit með áhættum.
- Eftirfylgni við sett markmið.



Ragnar Hafliðason,
aðstoðarforstjóri
Fjármálaeftirlitsins

1.2. Hlutverk framkvæmdastjóra:

- Greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja.
- Viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir, að tryggja að deiling ábyrgðar sé með fullnægjandi hætti.
- Móta viðeigandi markmið fyrir innra eftirlit og að fylgjast með að innra eftirlitskerfið sé fullnægjandi og skilvirkt.

1.3. Hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra:

- Stuðla að góðu starfssiðferði og góðum starfsháttum innan fyrirtækisins.
- Koma á starfsanda sem leggur áherslu á mikilvægi innra eftirlits.
- Starfsfólk þarf að hafa skilning á hlutverki sínu í innra eftirlitsferlinu og taka fullan þátt í því.

2. Greining og mat á áhættum

- Virkt innra eftirlitskerfi þarf að greina og meta verulega áhættu, sem kynni að hafa neikvæð áhrif á að markmiðum fyrirtækis verði náð.
- Matið þarf að ná til allra áhættuþátta sem snúa að fyrirtækinu og samstæðu þess og dótturfyrirtækja.



3. Eftirlitsaðgerðir

- Eftirlitsaðgerðir séu óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi fyrirtækis.
- Virkt innra eftirlitskerfi krefst viðeigandi eftirlitsskipulags með skilgreindum eftirlitsaðgerðum, á öllum stigum starfseminnar.
- Aðgerðirnar fái yfirferð á æðsta stjórnunarstigi.
- Viðeigandi eftirlitsaðgerðir fyrir mismunandi deildir t.d.:
 - hvort áhættumörk séu virt,
 - eftirfylgni vegna frávika frá reglum og
 - athuganir á samþ./afstemmingarkerfum.

4. Aðgreining starfa

- Viðeigandi aðgreining starfa.
- Hagsmunir mismunandi verkefna sama starfsmanns stangist ekki á.
- Hættu á hagsmunaárekstrum þarf að greina og lágmarka.
- Starfssvið þar sem slík hætta er til staðar þurfa að vera háð nákvæmu sérstöku eftirliti.

5. Upplýsingar og samskipti

- Fullnægjandi og heildstæðar innri fjárhags-, rekstrar- og eftirlitsupplýsingar.
- Ytri upplýsingar um atburði og skilyrði sem hafa þýðingu við ákvarðanatöku.
- Upplýsingar þurfa að vera áreiðanlegar, tímanlegar, aðgengilegar og á samræmdu formi.
- Áreiðanleg upplýsingakerfi, sem ná til allra mikilvægra starfsþátta fyrirtækisins. Áhersla á öryggi upplýsingakerfa, eftirlit og viðlaga-áætlanir.
- Virkar samskiptaleiðir til að tryggja að starfsfólk fylgi markmiðum og starfsaðferðum fyrirtækisins.

6. Athuganir á innra eftirliti

- Athuganir á innra eftirlitskerfinu þurfa að vera í höndum óháðs, vel þjálfaðs og hæfs starfsfólks.
- Niðurstöðum athugana á innra eftirlitskerfinu þarf að beina til bæði stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Veikleika í innra eftirliti þarf að upplýsa án tafar með skýrslugerð til stjórnar og fram-

kvæmdastjóra og þarf þegar í stað að bregðast við þeim.

Eitt af mikilvægustu varúðarákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki eru ákvæðin um lágmarks eigið fé og lágmarks eiginfjárlutfall. Ákvæðið um lágmarks eiginfjárlutfall felur í sér að eigið fé, eins og það er nánar skilgreint í lögnum, er reiknað sem hlutfall af svonefndum áhættugrunni. Útreikningur á áhættugrunni felur í sér að helstu áhættur fjármálafyrirtækis, svo sem útlánaáhætta og markaðs-áhætta, eru vegnar með tilteknum hætti, sem endurspeglar á áhættustig sem eiginfjárfrafan miðast við. Eiginfjárákvæðin eru þannig takmarkandi á áhættutöku og eru eitt af þeim tækjum sem stjórnendur nota til að stýra áhættum.

Nú er unnið að endurskoðun á þeim alþjóðlegu reglum sem eru fyrirmynd núgildandi eiginfjárákæða í íslenskum lögum og reglum. Samhliða er á vegum Evrópusambandsins unnið að því að semja drög að tilskipunum um þetta efni og hefur Fjármálaeftirlitið fylgst með og tekið þátt í þeirri vinnu. Endurskoðunin miðar að því að eiginfjárreglurnar verði betri mælikvarði á raunverulega áhættustöðu fjármálafyrirtækjanna og ennfremur verður lögð meiri áhersla en áður á að sérhvert fjármálafyrirtæki meti sjálft þá lágmarks eiginfjástöðu sem það telur nauðsynlegt að hafa með hliðsjón af áhættustöðu fyrirtækisins. Nýju reglurnar munu ennfremur gera kröfu til þess að eftirlitsaðilinn leggi sjálfstætt áhættumat á hvert fjármálafyrirtæki og hvort þörf sé talin á viðbótar eiginfjárkröfu umfram lögbundið lágmark. Fyrirhugaðar reglur munu þannig stuðla að betri áhættustýringu innan fjármálafyrirtækjanna og gera þau betur í stakk búin að takast á við óvænt áföll.

Með lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi 1. janúar 2003, fékk Fjármálaeftirlitið heimild til að ákveða hærra eiginfjárlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi, enda væru aðrar eftirlitsaðgerðir ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjástöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Gert er ráð fyrir samkvæmt lagaákvæðinu að mat Fjármálaeftirlitsins á

áhættustigi og ákvörðun um hærra eiginfjárlutfall skuli byggð á nánari reglum sem það setur. Á árinu 2003 vann Fjármálaeftirlitið að samningu draga að slíkum reglum sem birt voru sem umræðuskjal nr. 8/2003. Samkvæmt drögnum er gert ráð fyrir að niðurstöður úr annars vegar áhættumatskerfi og hins vegar álagsprófi verði notaðar sem viðmiðanir við mat á áhættustigi fjármálafyrirtækis. Gert er ráð fyrir að umræddar reglur verði gefnar út á fyrri hluta yfirstandandi árs.

Áhættumatskerfið felur í sér að tilteknum áhættuþáttum í starfsemi fjármálafyrirtækis eru gefnar einkunnir með hliðsjón af fyrirfram ákveðnum viðmiðunum sem í flestum tilfellum byggjast á upplýsingum úr reikningsskilum. Einstökum þáttum er gefið vægi og er á þeim grundvelli reiknuð út vegin heildareinkunn sem endurspeglar áhættustöðu fyrirtækisins. Fyrirmynd að áhættumatskerfinu er sótt til CAMELS áhættumatskerfisins:

C = Capital – Eigið fé

A = Assets – Gæði eigna

M = Management – Stjórnun

E = Earnings – Arðsemi eigin fjár

L = Liquidity – Lausafjárstaða

S = Sensitivity to market risks – Næmni fyrir markaðsáhættum

Álagsprófið felur í sér að reiknuð eru út áhrif af lækkun á bókfærðu virði nánar tilgreindra eigna á lögbundið eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækis. Um er að ræða 20% lækkun á vaxtafrystum útlánum og fullnustueignum, 25% lækkun á hlutabréfaeign í eigin áhættu og 7% lækkun á markaðsskuldbréfaeign í eigin áhættu. Niðurstaðan úr slíku álagsrófi gefur til kynna hversu viðkvæmt fjármálafyrirtækið er fyrir áföllum af því tagi sem lýst er og nýttist Fjármálaeftirlitinu í mati þess á áhættustigi viðkomandi fyrirtækis.

Niðurstöður úr áhættumatskerfinu og álagsprófinu eru gagnlegar við samanburð milli tímabila og milli sambærilegra fjármálafyrirtækja og nýtast Fjármálaeftirlitinu jafnframt við forgangsröðun í eftirliti.

Til viðbótar við framangreint um áhættustýringu og innra eftirlit má nefna að Fjármála-

Áhættustýringarramma

Tekjusvið / Dótturfyrirtæki	Tegund áhættu	Áhættumælingaraðferðir	Áhættustýringaraðferðir
Markaðssvið	Markaðsáhætta		
	Útlánaáhætta		
	Rekstraráhætta		
	Rekstraráhætta		

eftirlitið hefur unnið að því að þróa svonefndan áhættustýringarramma samkvæmt erlendum fyrirmyndum.

Um er að ræða að fyrir hvert tekjusvið og dótturfélag fjármálfyrirtækis yrði samin lýsing á helstu áhættum, svo sem útlánaáhætta, markaðsáhætta, lausafjáráhætta og rekstraráhætta. Fyrir hverja áhættutegund yrði enn fremur lýsing á áhættumælingaraðferðum og áhættustýringaraðferðum. Einstökum áhættum og eftirliti með þeim yrðu gefnar einkunnir eftir mikilvægi og þær einkunnir yrðu síðan vegnar saman með hliðsjón af mikilvægi einstakra tekjusviða/dótturfyrirtækja. Niðurstaða úr slíkum útreikningum á að endurspeglar áhættustöðu fjármálfyrirtækisins og styrkleika/veikleika í innra eftirliti.

Liklegt er að slíkur áhættustýringarramma verði grundvöllur að áhættumatskerfi í samræmi við kröfur í fyrirhuguðum nýjum eiginfjárreglum sbr. umfjöllun hér á undan.

Hvað varðar innra eftirlit þá er í lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 meginreglan sú að við hvert fjármálfyrirtæki skuli starfa

endurskoðunardeild og að forstöðumaður slíkrar deildar skuli ráðinn af stjórn fyrirtækisins og fara með innri endurskoðun í umboði stjórnar fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi reksturs fjármálfyrirtækis, veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar deildar og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá. Fjármálaeftirlitið gaf í þessu sambandi út Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003 varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálfyrirtæki þar sem kveðið er nánar á um þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri undanþágu. Þar er m.a. gert ráð fyrir að fjármálfyrirtæki undir tiltekinni stærð geti fengið undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar gegn því að gerður sé samningur um árlega úttekt á innra eftirliti við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila og að í slíkum samningi sé kveðið á um að framkvæmdar séu reglulega kannanir á eftirfarandi þáttum í innra eftirliti fyrirtækisins:

1. Hvernig staðið er að varðveislu og meðferð fjármuna fyrirtækisins, skráningu skuldbindinga og eftirliti með bókhaldi.

2. Hvort fyrir liggi á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna og stjórnenda komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.
3. Hvort fyrirtækið hafi sett sér markmið varðandi helstu áhættuþætti, svo sem útlánaáhættu, markaðsáhættu og lausafjáráhættu, og hvernig þeim markmiðum er fylgt eftir.
4. Hvort í starfsreglum og skipulagi fyrirtækisins sé það innra eftirlit sem komið verður á með góðu móti. Kanna hvort í starfsreglum sé nægjanlega skilið á milli þeirra starfsmanna sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa að bókhaldi. Einnig þeirra sem sjá um færslu bókhalds og þeirra sem bera ábyrgð á afstemmingu á sömu bókhaldsreikningum.
5. Hvort á hverjum tíma séu til staðar eftirlitsaðgerðir og starfsreglur vegna þeirrar eðlisáhættu sem skapast vegna smæðar fyrirtækisins og skorts á nægilegum aðskilnaði starfa. Þetta geta verið reglur um lágmarks samfleytt sumarfrí, reglur um reglubundin starfsskipti á milli einstakra starfsmanna, uppáskrift yfirmanna á afstemmingu bókhalds og fyrirvaralausar sjóðstalningar.
6. Með úrtakskönnunum sé könnuð framkvæmd á fjárvörslusamningum, þ.e. að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu samninga og að eignir séu til staðar.
7. Með úrtakskönnunum sé kannaður áreiðanleiki og gæði þeirra skýrslna sem stjórnendur fyrirtækisins og opinber yfirvöld byggja á.
8. Kanna tölvukerfi fyrirtækisins, meðal annars með tilliti til notkunareftirlits og rekstraröryggis.
9. Gerð sérstakra úttekta á dreifingu útlána og vanskila, stöðu stærstu skuldara og stærstu vanskilaaðila og greiðslutrygginga vegna sömu skuldbindinga.

Eins og sést af framangreindu eru áhættustýring og innra eftirlit lykilhugtök í starfsemi fjármálfyrirtækja og eftirlit opinberra eftirlitsaðila beinist fyrst og fremst að því að þeir þættir séu hverju sinni í ásættanlegu horfi.

Áhættuþættir	Viðskiptaæiningar	
	Viðskiptaáhætta	Eftirlitsáhætta
Mikil áhætta	4	4
Talsverð áhætta	3	3
Hófleg áhætta	2	3
Lítill áhætta	1	1

Viðskiptaæiningar	
Vægi	
Mikið	4
Meðal	4
Lítið	1



Frá menntunarnefnd FLE

Ný reglugerð um endurmenntun endurskoðenda

Eins og félagsmönnum er kunnugt tók í gildi um síðustu áramót ný reglugerð um endurmenntun endurskoðenda. Helstu breytingar frá fyrri reglugerð eru þessar:

- Aukin krafa er gerð um endurmenntun eða 90 klukkustundir á hvert þriggja ára tímabil. Hver eining samsvarar nú einni klukkustund.
- Endurmenntun er skipt annars vegar í faglegan hluta sem vegur 54 einingar og hins vegar í almennan hluta sem vegur 36 einingar. Faglegi hlutinn skiptist í reikningsskil, endurskoðun og féлага- og skattarétt en hver hluti vegur 18 einingar. Í almenna hlutanum eru ekki gerðar aðrar kröfur en þær að endurmenntunin nýtist endurskoðandanum í starfi.

- Menntunarnefnd FLE þarf að veita fyrirfram samþykki fyrir þeim námskeiðum sem gefa endurmenntunareiningar.
- Endurskoðandi sem vill endurnýja réttindi sín þarf að sýna fram á að hann hafi lokið $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar endurmenntunar sem krafist er á hverju endurmenntunartímabili.
- Þau sem öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa eftir að endurmenntunartímabil hefst, þurfa ekki að sækja endurmenntun fyrir en á næsta tímabili.
- Ef endurskoðandi uppfyllir ekki kröfur um endurmenntun ber ráðherra að fella réttindi hans úr gildi.

Menntunarnefnd FLE vill ítreka að fyrirfram samþykki hennar þarf fyrir þeim námskeiðum sem gefa einingar til endurmenntunar. Beiðni um samþykki þarf að berast skrifstofu FLE viku áður en námskeið er haldið. Ekki þarf að leita eftir samþykki námskeiða sem haldin eru oft

en einu sinni og hlotið hafa áður samþykki menntunarnefndar.

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE var haldinn 16. janúar s.l. og að þessu sinni á Grand Hótel. Að venju mættu félagsmenn mjög vel og dagskráin var með hefðbundnu sniði. Formaður félagsins Sigurður B. Arnþórsson setti ráðstefnuna og síðan tók ráðstefnustjórinn Sif Konráðsdóttir við.

Fyrstur á mælendaskrá var Gunnlaugur Kristinsson, endurskoðandi og formaður skattarnefndar en hann greindi frá nýlegum breytingum á lögum og reglugerðum um tekju- og eignarskatt og öðrum skattalögum. Að þessu sinni var óvenju lítið um laga- og reglugerðabreytingar.

Bjarnfreður Ólafsson, hdl. fjallaði um íslenskar skattareglur í alþjóðlegum samanburði. Í erindinu greindi hann frá helstu skattareglum sem hafa áhrif við ákvörðunartöku, annars vegar erlendra aðila um fjárfestingar hér á landi og hins vegar innlendra aðila til fjárfesta erlendis og bar saman skattlagningu á milli landa.

Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur BSRB, reifaði skattahugmyndir BSRB sem eru afar áhugaverðar.

Eftir kaffihlé steig Árni Harðarson, hdl. upp í pontu og greindi frá áhugaverðum dómum og úrskurðum yfirskattarnefndar. Eftir þessa yfirferð varð ráðstefnugestum ljóst að það eru engin takmörk fyrir hugmyndarauðga landans í skattamálefnum.

Því næst sagði Ingvar J. Rögnvaldsson, vararíkisskattstjóri fréttir frá RSK. Margt fróðlegt kom fram í erindi hans m.a. um þróun rafrænna skila, fyrirkomulag framtalsskila, umfjöllun um fyrirtækjaskrá o.fl.

Eftir erindi Ingvars fjallaði Elín Árnadóttir, lögfræðingur um virðisaukaskatt í rafrænum viðskiptum. Greindi hún frá þeim reglum sem gilda hér á landi er varða þessi viðskipti, stefnu OECD ríkjanna og nýjum reglum ESB landanna og útfærslu þeirra.



Jóhann I. C. Solomon og Simon Á Gunnarsson skrifa í gestabók

Síðust á mælendaskrá var Vala Valtýsdóttir, hdl. sem kynnti nýfallinn dóm í Noregi er varðar brot á EES samningnum. Þessi dómur er sérstaklega athyglisverður í ljósi þess að álíka mismunur er viðhöfð hér á landi á afdráttarskatti af arðgreiðslum.

Endurskoðunardagur FLE

Árlegur endurskoðunardagur var haldinn í Salnum 16. apríl s.l. Segja má að þátttaka félagsmanna hafið verið með besta móti, hvort sem það er út af góðri dagskrá eða auknum kröfum um endurmenntun. Að þessu sinni voru átta áhugaverð erindi flutt, sem öll tengdust endurskoðun á einn eða annan hátt.

Að setningu lokinni tók til máls Ketill Magnússon, heimspekingur og stundakennari við Háskólann í Reykjavík og fjallaði hann um tengsl siðfræðinnar við störf endurskoðenda og um endurskoðendur í siðferðilegu ljósi. Í ljósi hneykslismála sem tengjast endurskoðendum á undanförunum árum, var þetta erindi alveg tímaþætt og gott innlegg í umræðuna hér á landi.

Innlegg endurskoðunarnefndarinnar í dagskránni var erindi þeirra Jóns Arnars Baldurs, endurskoðanda og Heimis Þorsteinssonar, endurskoðanda. Jón Arnar greindi frá störfum alþjóðlegu endurskoðunarnefndarinnar og upptöku staðlanna innan Evrópubandalagsins en Heimir kynnti helstu breytingar á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum.

Hildur Árnadóttir, endurskoðandi fjallaði um alþjóðlegar siðareglur endurskoðenda og kom m.a. inn á regluverk Evrópusambandsins hvað þetta varðar. Ljóst er að FLE þarf að bregðast við breyttu umhverfi og endurnýja sínar reglur í takt við alþjóðlegar reglur.

Umfjöllunarefnið í erindi H. Ágústar Jóhannessonar var áhættustýring í upplýsingatækni. Í erindinu kom hann m.a. inn á helstu þætti IRM (Information Risk Management) þjónustu, verkang tölvuendurskoðunar og þekktar athugasemdir um upplýsingakerfi.

Ásbjörn Björnsson, endurskoðandi greindi frá athugasemdum félagsmanna við gæðareglur FLE og kynnti jafnframt endanlegar tillögur gæðanefndarinnar um gæðareglur félagsins.

Því næst flutti Sigurjón G. Geirsson, endurskoðandi erindi um innri endurskoðun fjármála-



Gerður Guðjónsdóttir formaður menntunarnefndar FLE og Þórir H. Ólafsson afhenda ráðstefnugögn.

fyrirtækja. Greint var frá þeim reglum sem gilda um innri endurskoðunardeildir fjármálfyrirtækja hér á landi sem og þau alþjóðlegu viðmið sem gilda um starfsemi slíkra deilda. Þá var sagt frá skipulagi og starfsemi innri endurskoðunardeildar Landsbanka Íslands.

Síðust á mælendaskrá var Margret G. Flóvenz, endurskoðandi með ýmsar hugleiðingar um menntun í endurskoðun og góðar ábendingar um hvað betur mætti fara í þeim efnum.

Reikningsskiladagur FLE

Reikningsskiladagur hefur fengið fastan sess í árlegu félagsstarfi FLE og verður hann nú haldinn þann 24. september nk. á Grand Hótel. Dagskráin er enn ekki fullmótuð en fjallað verður m.a. um ný ársreikningalög sem og innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna.

Menntunarnefnd FLE

Til sölu á skrifstofu FLE

Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

IASB International Financial Reporting Standards 2004. Er í pöntun, en þeir sem vilja panta bókina beint er bent á heimasíðu <http://www.iasb.org>

IFAC Handbook of International Public Sector Accounting Standards and Handbook of International Auditing, Assurance, and Ethics Pronouncements – 2003. Verð kr. 9.500 án vsk. Ath. útgáfu 2004 er unnt að panta beint á netfangi <http://www.ifac.org/Store>



Erfðafjárskattur á Spáni



Helgi V. Jónsson
hfr. og endur-
skoðandi

Vaxandi íbúðarkaup Íslendinga á Spáni, hafa vakið áhuga undirritaðs á að kynna sér ýmis lög og reglur, sem þar gilda. Eftirfarandi upplýsingar um erfðareglur og erfðafjárskatt á Spáni eru að grunni fengnar úr bókunum „You & the law in Spain“ eftir David Searl útg. í maí 2002 og „The Blevins Franks Guide to Living in Spain“ frá mars 2003.

Erfðareglur og erfðafjárskattur á Spáni

1. Erfðaréttur og skattskylda.

Samkvæmt spænskum lögum kemur til greiðslu erfðafjárskatts á Spáni:

- ef erfingi eða gjafþegi er búsettur á Spáni, eða
- ef eignir sem eru erfðar eða gefnar, eru staðsettar á Spáni.

Hlutur maka og barna

Spænsk lög heimila ekki eftirlifandi maka setu í óskiptu búi hjóna eins og íslensk lög gera. Við andlát annars maka verða því að fara fram skipti á dánarbúi hans. Hlutur hins langlífara maka í félagsbúinu teljast allar eignir, sem hann aflaði sér fyrir hjúskap, helmingur eigna, sem aflað var í hjúskap og allar persónulegar gjafir eða erfðahlutir sem honum hafa hlotnast. Að því er varðar fasteignir koma þær því aðeins til helmingaskipta, þó þeirra sé aflað í hjúskap, að þær hafi verið skráðar á nöfn beggja hjóna¹.

Börn hins látna eru skylduerfingjar að $\frac{2}{3}$ hluta dánarbús hans og því er aðeins heimil frjáls ráðstöfun á $\frac{1}{3}$ búsins til annarra. Þegar maki deyr og skilur eftir sig börn er dánarbúinu skipt í 3 jafna hluti. Einn hlutinn ($\frac{1}{3}$) skiptist milli barna að jöfnu, annar hlutinn ($\frac{1}{3}$) fer einnig til barna, en það er alfarið á valdi arfláta hvernig hann hefur hagað skiptingu arfshluta þessa milli barna sinna. Hann getur þannig hafa kosið að ráðstafa þessum þriðjungi aðeins til eins barna sinna eða jafnvel barnabarna sinna. Arfshluti þessi er þó bundin þeirri kvöð að ef arfshluti þessi er fasteign eða sambærileg eign, getur erfinginn ekki ráðstafað þeirri eign fyrr en að hinum eftirlifandi maka látnum, þar sem maki hefur lífstíðar notkunarrétt (usufructo) á eigninni. Þriðji hlutinn ($\frac{1}{3}$) er til frjálsrar ráðstöfunar með erfðaskrá í samræmi við vilja arfláta.

Við lát manns skal dánarbúi hans skipt og erfðaskattur greiddur af erfingjum hans innan 6 mánaða. Hægt er að sækja um viðbótarfrest til skipta.

2 Erfðaskrá.

Útlendingum, sem eiga eignir á Spáni er ráðlagt að gera erfðaskrá til að forða erfingjum sínum frá tímafrekum og kostnaðarsómum lagalegum vandamálum, sem upp kunna að koma. Sama gildir í raun um menn búsetta á Spáni, þar sem allt búið rennur til barna, sé ekki kveðið á um erfðarétt maka í erfðaskrá. Deyji erlendur maki á Spáni, sem á börn, án þess að hafa gert erfðaskrá, skiptast eignir hans á Spáni samkvæmt spænskum lögum eins og lýst er undir 1. hér að framan, þ.e.a.s. eignir dánarbús hans skiptast milli barna hans.

Ef hinn látni er erlendur ríkisborgari og hefur átt fasteign á Spáni og skilið eftir sig erfðaskrá, erlenda eða spænska, gildir hún um ráðstöfun eigna dánarbúsins og lög lands hins látna látin

gilda framar spænskum lögum, hvort sem hinn látni hefur verið búsettur (resident) utan eða innan Spánar. Heimili landslög hins látna frjálsa ráðstöfun eigna, eins og t.d. mun vera í Bretlandi og Bandaríkjunum, hafa ákvæði spænskra laga um skylduerfð barna enga þýðingu. Erlendur maki getur því með erfðaskrá, þrátt fyrir að eiga börn, arfleitt eftirlifandi maka sinn af öllum eignum sínum á Spáni, fari það ekki í bága við landslög hins látna. Íslensk hjón geta því ráðstafað öllum eignum sínum á Spáni til hvort annars, fari ráðstöfunin ekki umfram $\frac{1}{3}$ af heildareignum hins látna, sbr. íslensk lög. Í framkvæmd munu spænsk yfirvöld alfarið fara eftir erfðaskrá erlends arfláta, án þess að kynna sér lög lands hans, en ljóst er að fari erfðaskrá gegn þeim lögum, geta erfingjar lagt slík mál fyrir spænska dómstóla og eru dæmi um það.

Reglur þessar þýða það þó ekki að eignir hins látna á Spáni séu undanþegnar spænskum erfðafjárskatti, það verða þær eftir sem áður.

Í ritinu „You & the law in Spain“, tekur höfundurinn fram að nauðsynlegt sé að bæði hjóna geri sjálfstæða erfðaskrá, þar þau eigi hvort um sig ákveðnar eignir. Samkvæmt þessari ráðleggingu væri vissara að hafa gagnkvæma erfðaskrá í tvennu lagi eða a.m.k. kanna hvort gagnkvæm erfðaskrá uppfylli þetta skilyrði.

Þó að erfðaskrá, sem gerð er í heimalandi arfláta sé jafngild og erfðaskrá gerð á Spáni, er mælt með að eigandi eigna á Spáni geri fremur spænska erfðaskrá, þar sem hún er auðveldari í framkvæmd gagnvart yfirvöldum.

3. Erfðafjárskattur.

Samkvæmt spænskum lögum ber erfingjum erlends manns að greiða erfðafjárskatt af öllum eignum hans á Spáni. Á það við um maka, börn sem og aðra erfingja. Verðmæti eigna til erfðafjárskatts reiknast með eftirgreindum hætti:

munur á erfðafjárskatti bús, þar sem fasteign er skráð á nafn eiginmanns og fasteign sem er skráð á nöfn beggja hjóna.

¹ Í bókinni „You and your law in Spain“ segir á bls. 245: „If the names of husband and wife both figure on the title deed of the property, each has one half

of the ownership. The living spouse continues to own his or her half, with his or her name on the title deed.“ Og í bók Blevins bls. 72 er gerður greinar-

Fasteign er metin annaðhvort á markaðsverði, fasteignamati (valor catastral), eða með því verði sem skattfyrirvöld hafa talið hana til eignarskatts (patrimonio), ef það verð er hærra.

Innanstokksmunir eru metnir sem 3% af verðmæti fasteignar, nema þeir séu taldir sérstaklega verðmiklir t.d. antikhlutir og málverk (venja mun þó til um að skattleggja ekki innanstokksmuni).

Bílar eru metnir til samræmis við verð á notuð-um bílum.

Hlutabréf eru metin á verði þeirra á dánardegi arfláta.

Bankainnstæður í samræmi við inneign á dánardegi.

Lífstíðar afnotaréttur (usufructo). Eins og að framan er getið getur maki veitt eftirlifandi maka sínum lífstíðarafnotarétt að hluta arfs barna, ef það er ákveðið í erfðaskrá. Í því tilviki skiptist gjaldstofn milli barna og maka samkvæmt sérstökum reglum. Dæmi: Félagsbú hjóna á fasteign, sem skráð hefur verið á nöfn beggja hjóna, sem eiga þrjú börn. Fasteignin er metin á 80.000€. Til skipta kemur því helmingur eignarinnar. Hinn látni hefur veitt maka lífstíðar afnotarétt að sínum hluta fasteignarinnar, sem verður við andlát hans eign þriggja barna þeirra skv. erfðalögum. Ef eftirlifandi maki er 59 ára er lífstíðar afnotaréttur hans metinn sem 30% af verðmæti arfshlutans, en barna 70%. Samkvæmt því er verðmæti arfs maka 30% af 40.000€ eða 12.000€. Þar sem hann fær til frádráttar fastan frádrátt 16.000€, greiðir hann engan erfðafjárskatt. Börnin þrjú fá í sinn hlut verðmæti sem reiknast 70% af 40.000€ eða 28.000€ þar sem þau fá einnig til frádráttar

16.000€ hvert eða 48.000€ greiða þau heldur ekki erfðafjárskatt.

Frá verðmæti eigna dragast skuldir arfláta, jarðarfararkostnaður o.fl.

Erfðafjárskatturinn reiknast ekki á eignir dánarbúsins í heild heldur á arfshluta hvers erfingja. Frá hlut hvers erfingja kemur fastur frádráttur að fjárhæð 16.000€ (nákvæm tala er 15.956.87€) þegar um maka, börn, foreldra og systkini er að ræða, þó hærri frádráttur þegar um börn yngri en 21 er að ræða eða allt að 48.000€, helmingi lægri frádráttur þegar um frænda og frænkur er að ræða, en enginn fyrir fjarskylda ættingja. Ef verðmæti dánarbús (hlutur hins látna) er t.d. 60.000€ og er skipt á milli maka og þriggja barna, kemur 15.000€ í hlut hvers erfingja. Þar sem frádrátturinn nemur um 16.000€ á hvern erfingja yrði erfðafjárskattur enginn. Sambýlingur nýtur ekki þessa frádráttar og skattleggst arfur hans eins og arfur til fjarskylds aðila.

Sé um íbúðarhúsnæði að ræða getur komið til sérstakrar ívilunar á erfðaskatti ef eftirtöld skilyrði eru uppfyllt:

- Hinn látni hafi haft skattalega búsetu á Spáni.
- Arfþegar séu annaðhvort maki, börn eða skyldmenni yfir 65 ára að aldri og hafi verið í heimili með hinum látna í tvö ár fyrir lát hans.
- Arfþegar verði eigendur eignarinnar í 10 ár frá dánardegi.

Að uppfylltum þessum skilyrðum lækkar verðmæti íbúðarhúsnæðisins um 95% og lækkar þannig skattgrundvöllur til erfðafjárskattsins.

Hámarkslækkun er 122.606.47€ á hvern erfingja.

Hlutfall erfðafjárskatts er stighækkandi eftir skyldleika og verðmæti arfs hvers erfingja frá 7,65% upp í 34%. Sérstakt stighækkandi álag kemur á erfðafjárskatt efnaðra erfingja. Séu eignir erfingja fyrir arf umfram 402.678.1€ getur erfðafjárskattur farið allt í 82%. Gjafir eru skattlagðar með sama hætti og arfur. Venja er þó að skattleggja hvorki tækifærisgjafir né innanstokksmuni.

4. Valkostir og áhrif þeirra á erfðafjárskatt.

Vegna mikillar hækkunar á fasteignaverði á Spáni mörg undanfarin ár getur erfðafjárskattur nú numið verulegum upphæðum. Ekki síst getur erfðafjárskattur af íbúðarhúsnæði, sem eftirlifandi maka fær í sinn hlut orðið tilfinnanlegur fyrir hann. Hafa fjármálaráðgjafar bent m.a. á eftirfarandi leiðir til að losna við eða lækka erfðafjárskatt útlendinga, sem eiga fasteign á Spáni:

- a) Lántaka með veði í viðkomandi fasteign og lækka þannig verðmæti dánarbúsins, þar sem skuldir dragast frá eignum við ákvörðun skattstofns.²
- b) Stofnun fjölskyldufélags eða sjóðs (trust), þar sem allir eigendur eru stjórnarmenn, er talin lögleg aðferð til að komast hjá skattinum. Þegar stjórnarmaður deyr þarf aðeins að gera breytingar á stjórn félagsins og yfirfæra hlutafé hans til erfingja hans. Fasteignin er eftir sem áður eign félagsins og í þess nafni.
- c) Stofnun aflandsfélags (Off-shore) t.d. á Gibraltar, en það hefur verið algeng leið fyrir

² Í blöðungi frá Graydon & Associates Chartered Accountants S.L. er fjallað um þessi atriði og er fjallað um leið til að forðast greiðslu erfðafjárskatts með löglegum hætti, sem felst í „Capital Assurance Scheme“. Skema þetta virðist fyrst og fremst ætlað eigendum dulinna eigna til að koma með þær fram í dagsljósið án þess að þurfa að óttast að þær séu skattlagðar. Vísað er til þess að KPMG hafi gert skýrslu og tillögur í sambandi við skema þetta. Samkvæmt bréfinu þarf að fjárfesta fyrir a.m.k. 250.000€ og er kostnaður við þátttöku í skemanu 2% auk þóknunar 0,50%–0,95% á ár. Tekjur af fé þessu eru ekki tilteknar eða í hverju fjárfestingin felst.

Í grein, sem Lee Hodges ritar í Euro Weekly 1–8.

október 2003 er fjallað um hvernig maður eigi að lækka spænskan erfðafjárskatt. Þar bendir hann á að hafi hinn látni verið búsettur (resident) á Spáni beri erfingjum hans að greiða erfðafjárskatt af öllum eignum sem í hlut þeirra koma án tillits til þess hvar í heiminum þær eru. Hafi hinn látni hins vegar verið búsettur utan Spánar (non-resident), beri erfingjum aðeins að greiða á Spáni erfðafjárskatt af þeim eignum, sem þar eru. Greinarhöfundur tekur fram að erfingjar geta ekki tekið lán gegn veði í eignunum til greiðslu erfðafjárskattsins og eignin verði ekki seld fyrr en erfðafjárskatturinn hafi verið greiddur. Erfingjar verði því að afla sjálfir þess fjár sem ganga á til greiðslu erfðafjárskattsins. Áhvilandi lán á dánardægi komi þó til frádráttar

skattstofni. Greinarhöfundur segir að það séu nokkrar leiðir til að stofna til skulda með veði í eignum. Algengast sé að taka „low-cost mortgages“ og nefnir í því sambandi IHT Scheme (Inheritance Tax) og sé unnt að hafa samband við hann og fá nánari upplýsingar um það. Þá nefnir hann sjóð sem ber nafnið „Product Watch Invest in Property“, sem hafi verið stofnaður í nóvember 2002 og hafi til þess tíma, sem greinin er skrifuð skilað 8.00% í sterlingspundum og 7.90% í Evrum. Hann segir að enginn kostnaður fylgi fjárfestingum í sjóðnum og lágmarksfjárhæð sé aðeins £11.000. Þá segir hann: „Investors can also take a yearly income of up to 7.50% without penalty“.



útlendinga til að komast hjá greiðslu erfðafjárskatts. Sé þessi kostur valinn arfleiðir eigandi slíks félags hvern þann sem hann ákveður af hlutabréfum sínum með erfðaskrá, sem gerð er utan Spánar. Gagnvart yfirvöldum á Spáni er félagið áfram eigandi að fasteigninni og engin eignaryfirfærsla á fasteigninni á sér stað. Enginn erfðafjárskattur kemur því til greiðslu. Til að draga úr að þessi

leið sé farin hefur Spánn lagt sérstakan skatt á fasteignir, sem eru í eigu aflandsfélaga og nemur hann 3% á ári af fasteignamatí.³

Erfðafjárskattur sem greiddur er í öðru landi er leyfður til frádráttar erfðafjárskatti á Spáni. Erfðafjárskattur, sem greiddur er á Íslandi af eignum á Spáni, ætti því að koma til frádráttar spönskum erfðafjárskatti. Sé hinn erlendi

erfðafjárskatturinn hærri en álagður erfðafjárskattur á Spáni kemur mismunurinn þó ekki til frádráttar.

Hér hefur verið gerð stutt grein fyrir þeim reglum er varða erfðir og erfðafjárskatt á eignir útlendinga á Spáni, ef það megi verða til upplýsinga fyrir þá sem hug hafa á að eignast fasteign á Spáni og ráðgjafa þeirra.

³ Varðandi c):

Í bréfinu frá Graydon & Associates Chartered Accountants S.L. er greinargerð um eignarhald félaga á spönskum fasteignum. Er tekið fram að hluthafar í spönsku eignahaldsfélagi séu ýmist einstaklingar eða aflandsfélög, og séu hluthafar þeirra ýmist einstaklingar eða trust, þá séu aflandsfélög beinir eignaraðilar að fasteignum á Spáni og séu hluthafar þeirra ýmist einstaklingar eða sjóðir (trust). Fram kemur að fasteignir í beinni eigu aflandsfélaga séu skattlagðar með árlegum 3% skatti sem reiknast af fasteignamatí. Fram til þessa hafi ekki verið skattlagður söluhagnaður af sölu hlutabréfa sem aflandsfélög hafi átt í spönskum

félögum eða hlutabréf í aflandsfélögum, sem hafi verið beinir eigendur að fasteignum á Spáni. Sé þetta vegna þess að slík framsöl hafi ekki verið tilkynnt til spænskra yfirvalda. Þetta fari þó gegn spænskum lögum. Þegar yfirfærsla á eignarhaldi fasteignar á sér stað fyrir arf beri að tilkynna það skattfyrvöldum. Nú hafi verið lögfest skylda til að tilkynna öll slík framsöl. Er vísað til Directive 2001/97/EC um peningabætti í þessu sambandi og skyldu sérfræðinga til að tilkynna yfirvöldum um slík viðskipti að viðlögðum refsingum.

Í bréfinu er að lokum sagt að það sem fram komi í bréfinu þýði að þessi leið að láta aflandsfélag eiga fasteign á Spáni sé mjög dýr, óheppileg og óráðleg.

Ekki verði lengur komist hjá skatti á söluhagnað og erfðaskatti.

Í grein Sovereign (www.SovereignGroup.com), sem ítrekað er birt í The euro.weekly, eru lagt til að kaupendur fasteigna kaupir þær í gegnum aflandsfélög. Með þeim hætti verði komist hjá eftirgreindum kostnaði:

34% tekjuskatti af söluhagnaði við sölu, 10% kostnaði sem fylgi hverri sölu (þ.e.virðisaukaskatti 7% eða 34.000€, lögmannskostnaði 1% eða 5.000€, Notary þóknun 0,5% eða 2.500€ og öðrum kostnaði 2.000€ samtals 43.500€)

Til hamingju með afmælið

70 ára þann 18. júlí 2004

70 ára þann 2. ágúst 2004

70 ára þann 26. nóv. 2004

65 ára þann 22. nóv. 2004

65 ára þann 9. des. 2004

60 ára þann 25. ágúst 2004

50 ára þann 14. maí 2004

50 ára þann 6. júní 2004

50 ára þann 9. júní 2004

50 ára þann 2. okt. 2004

40 ára þann 5. júní 2004

40 ára þann 9. júní 2004

40 ára þann 13. júní 2004

40 ára þann 16. júní 2004

40 ára þann 31. des. 2004

30 ára þann 26. nóv. 2004

Eyjólfur Guðmundsson

Gísli Torfason

Atli Hauksson

Sveinn Sæmundsson

Valur Franklín

Guðlaugur R. Jóhannsson

Þorvarður Gunnarsson

Örn Þorbergsson

Sigurður B. Arnþórsson

Birgir Finnbogason

Brynja Pétursdóttir

Kristján Björgvinsson

Úlfar Örn Friðriksson

Sigurjón Geirsson

Hrefna Gunnarsdóttir

Árni Valgarð Claessen

Endursk. Eyjólf Guðmundssonar

Endursk. Gísli Torfasonar

Endurskoðunarstofan Alfa ehf.

Endursk. Sveins Sæmundssonar

Endursk. Guðlaugs sf.

Deloitte hf.

Vátryggingafélag Íslands hf.

PricewaterhouseCoopers hf.

Deloitte hf.

Sjóvá-Almennar hf.

Landsfl hf.

Landsbanki Íslands hf.

Deloitte hf.

KPMG Endurskoðun hf.

Um samkeppnishæfni íslenskra skattareglna

Inngangur

Margt hefur áunnist undanfarin áratug í íslensku skattaumhverfi sem m.a. hefur stuðlað að bættum hag íslenskra fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Þessi þróun er þó síður en svo einskorðuð við Ísland. Hún hefur átt sér stað í öllum okkar nágrennaríkjum og viðskiptalöndum, enda er þetta ferli hluti af alþjóðavæðingu og auknu frelsi í viðskiptum milli landa.

Í þessari grein verður rætt um nokkrar mikilvægar íslenskar skattareglur er varða milli-ríkjaviðskipti erlendra og innlendra fjárfesta og þær bornar saman við reglur í nágrennaríkjum, þ.e. reglur um skattskyldu söluhagnaðar, afdráttarskatta á arð- og þóknana greiðslur, eignaskatt, skattprósentur fyrirtækja og raunskattlagningu þeirra. Umfjöllunin er ekki fræðileg heldur frekar lýsandi um tilteknar meginreglur og þær bornar saman við hliðstæðar reglur í nágrennalöndum. Greinin er unnin upp úr tveimur fyrirlesturum sem greinarhöfundur hélt á skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda þann 16. janúar 2004 og á morgunverðarfundi Verslunarráðs Íslands þann 21. apríl 2004.

Almennt um fjárfestingar milli landa – nokkur samanburðar-dæmi

Gera verður ráð fyrir því að fjárfestar, innlendir sem erlendir, séu vel upplýstir um heildarskatt-

lagningu fjárfestinga sinna þegar þeir bera saman einstaka fjárfestingarkosti og staðsetningar. Tekjuskattsprósenta fyrirtækja skiptir verulegu máli, en hún er eingöngu hluti af stærri heildarmynd sem allir upplýstir fjárfestar líta til. Skatthlutfall fyrirtækja hefur almennt verið að lækka víðs vegar um heim¹, en hvað sem sjálfri skattprósentunni líður, þá verður almennt að gera ráð fyrir því að fjárfestar sýni skattgát í sínum fjárfestingum, þ.e. að þeir gæti að skattkostnaði öllum og gæti að réttum skattskilum skv. landslögum áður en til fjárfestingar kemur².

Þegar reiknaður er út skattkostnaður beinna fjárfestinga á Íslandi þá líta fjárfestar m.a. til skatthlutfalls og tekjuskattsstofns til að finna út raunskattlagninguna (hvað sé frádráttarbært o.s.frv.). Sem dæmi um þetta má taka grískt fyrirtæki, sem hyggst stofna framleiðslufyrirtæki á Íslandi, Bretlandi eða Írlandi, og félagið á að framleiða gleraugu úr áli skv. sérleyfi samstæðufélags á Ítalíu. Á Íslandi yrði hagnaðurinn tvískattlagður (18% og síðan 15% á arðgreiðslur), en ekki í hinum löndunum. Þá yrði lagður skattur á eignir félagsins á Íslandi, auk hugsanlegra stimpilgjalda ef félagið er stofnað í formi hlutafélags eða sameignarfélags, allt að viðbættum 18% skatti á þóknarir til ítalska félagsins. Engin slík skattlagning ætti sér hins vegar stað á Bretlandi eða Írlandi, sbr. eftirfarandi skýringartöflu:



Bjarnfreður Ólafsson, II.M., hdl.

Land	Ísland	Bretland	Írland
Hagnaður	30.3% ³	30%	12.5%
Eignir	0.6% ⁴	0%	0%
Stimpilgjöld	0.5% ⁵	0%	0%
Þóknana greiðslur	18.0% ⁶	0%	0%

Það má nokkuð ljóst vera að samanburður á skattkostnaði í þessu dæmi er mjög óhagstæður fyrir Ísland, en taka má fram að dæmið er sérvalið að því leyti að niðurstaðan í töflunni byggist á landslögum hvers ríkis, en ekki sérsamningum á milli ríkjana⁷, með þeirri undantekningu einni að almennt væri tekinn afdráttarskattur af þóknunum í Bretlandi ef ekki væri tvísköttunarsamningur við Grikkland⁸.

Þegar skattstofninn í einstaka tilvikum er lítil eða enginn getur skattprósentan sjálf skipt litlu eða engu máli. Til dæmis er skattprósenta fyrirtækja í Hollandi 34,5%, en almennt er fullur frádráttur veittur fyrir arðstekjum frá dótturfélögum eða vegna hagnaðar af sölu þeirra,

¹Sjá t.d. töflu hér á eftir í umfjöllun um skattskyldu söluhagnaðar. Sjá einnig: KPMG's Corporate Tax Rates Survey – January 2004 (www.kpmg.com).

²Það er eðlilega ýmislegt annað en skattareglur sem hafa áhrif á ákvarðanatöku fjárfesta, en þær skipta miklu máli – ekki síst hér á landi þegar tekið er mið af legu landsins o.s.frv.

³Hagnaður er 100 (100–18% = 82) og 82 er greiddur út sem arður og sætir 15% afdráttarskatti (82–15% = 69,7)

⁴Eignaskattur er lagður á tvisvar, bæði á hluthafana og fyrirtækið sjálft

⁵Stimpilgjöld eru lögð á nafnverð hlutabréfa, en ekki á hluti í einkahlutafélögum.

⁶Óljóst er hvornig þessum skatti er skilað, en ríkisskattstjóri hefur gefið út leiðbeiningar um staðgreiðsluskyldu afdráttarskatts, en skv. tekjuskattslögum miðast skattstofninn við nettótekjur.

⁷Í öðru dæmum, þar sem öll skilyrði hagstæðustu tvísköttunarsamninga Íslands væru uppfyllt, þá

gæti þetta dæmi litið allt öðru vísi út, m.a. þannig að einungis væri greiddur hér 18% tekjuskattur í sambærilegu dæmi, auk 0.6% eignaskatts.

⁸Bretland hefur gert yfir 100 tvísköttunarsamninga, sem flestir gera ráð fyrir engum afdráttarskatti á þóknana greiðslur frá Bretlandi.

⁹Um 30 af u.þ.b. 80 tvísköttunarsamningum Hollands kveða á um 0% afdráttarskatt, enda hefur stefna hollenskra yfirvalda um áratugi verið sú að afnema tvísköttun á hagnað fyrirtækja.



auk þess sem ekki er innheimtur afdráttarskattur af arðgreiðslum til ESB-landa, þó almennt afdráttarskattshlutfall arðs í Hollandi sé 30%⁹. Skattskyldan í Hollandi í þessu tilviki væri því engin, þrátt fyrir „háa“ skattprósentu.

Annað dæmi gæti varðað bandarískt stórfyrirtæki sem stofnaði fyrirtæki í Svíþjóð, sem jafnframt ætti dótturfélög í öðrum löndum. Þannig myndi sænska fyrirtækið almennt vera undanþegið skatti á arðstekjum frá dótturfélögum sínum og almennt yrði ekki heldur um skattlagningu að ræða á arðgreiðslum til bandaríska móðurfélagsins, þar sem fallið er frá slíkri skattlagningu skv. landslögum ef móðurfélagið er í ríki sem gert hefur tvísköttunarsamning við Svíþjóð (óháð því að samningurinn sjálfur heimilar 5–15% afdráttarskatt). Það sama á við ef bandaríska stórfyrirtækið myndi ákveða að stofna fyrirtæki sitt í Danmörku. Þá yrði hvorki sænska né danska félagið skattskyldt vegna söluhagnaðar á dótturfélögum¹⁰. Á Íslandi myndi svona fyrirtæki hins vegar verða skattskyldt vegna söluhagnaðarinnar auk þess að þurfa að halda eftir 5 til 15% afdráttarskatti af arðgreiðslum til bandarískra hluthafa skv. landslögum og tvísköttunarsamningi við Bandaríkin. Þá bætist við 0.6% eignaskattur á Íslandi á meðan enginn slíkur skattur er almennt lagður á í hinum löndunum.

Enn eitt dæmið um að skattshlutfall fyrirtækja segir ekki allt um skattbyrði í viðkomandi lögsögu eru hin svo kölluðu alþjóðlegu viðskiptafélög. Á árinu 1999 samþykkti Alþingi lög um alþjóðleg viðskiptafélög, sem greiða 5% tekjuskatt og eru undanþegin eignaskatti og stimpilgjöldum. Tekið er fram í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum að megintilgangur þess sé tvennskona: Annars vegar sóknartækifæri til að laða til landsins erlenda fjárfestingu og hins vegar varnaraðgerð með því að heimila innlendum aðilum að fara inn í þetta hagstæða rekstarumhverfi í stað þess að fjárfesta í gegnum erlend félög. Í frumvarpinu voru líka áætlanir

um mikinn fjöldi þessara fyrirtækja á Íslandi. Raunin varð önnur. Frá upphafi var lítill grundvöllur fyrir starfrækslu alþjóðlegu viðskiptafélagana, enda ekki hægt að ná hagnaði út úr félögum án mikils skattkostnaðar. Því var haldið fram að skattskylda félaganna væri 5%, en þegar málið var skoðað nánar þá bætist við allt að 40% viðbótarskattur í formi tekjuskatts eða afdráttarskatta (ef ekki öðruvísi kveðið á um í tvísköttunarsamningi), en auk þess voru fjárfestar og félagið háð skattskyldu á söluhagnaði o.s.frv. Það má telja fyrirtækin á fingrum annarrar handar sem starfað hafa samkvæmt lögum um alþjóðleg viðskiptafélög. Þessi löggjöf var einfaldlega ekki nægilega ígrunduð, misheppnaðist algjörlega og nú hafa lögin verið felld úr gildi á þessu ári¹¹. Þetta er skýrt dæmi um að ekki dugir að líta blint á tekjuskattprósentu fyrirtækja og sýnir enn fremur að fjárfestar forðast skattagildur – menn sýna skattgát og reikna út allan skattkostnað áður en til fjárfestinga kemur.

Skattskylda söluhagnaðar

Þeim ríkjum fjölga þar sem söluhagnaður¹² er undanþegin skattlagningu. Þar er ekki eingöngu verið að stuðla að frjálsari og betri nýtingu á fjármagni, heldur er jafnframt verið að stuðla að því að eignarhald dótturfélaga sé í viðkomandi lögsögu en ekki í erlendum dótturfélögum (eignarhaldsfélögum). Þannig hafa lönd eins og Ástralía, Svíþjóð, Danmörk, Þýskaland, Belgía, Lúxembúrg og Holland undanþegið slíkan hagnað skattskyldu að uppfylltum skilyrðum í landslögum. Þessi lönd bæta því ekki aðeins rekstrarskilyrði eigin fyrirtækja, svo og aðstöðu innlendra eftirlitsaðila, heldur auðveldar þau innlendum aðilum að koma með fjármagnið til baka um leið og þau laða einnig til sín erlenda fjárfesta og aukið fjármagn með tilheyrandi beinum og óbeinum skatttekjum.

Á Íslandi er þessi söluhagnaður skattskyldur¹³ og eru íslensku reglurnar ekki til þess fallnar að

auka skilvirkni fjármagns eða gagnsæi skattgreiðslna. Hér á landi eru íslensku fyrirtækin ekki eingöngu skattskyld vegna söluhagnaðar, heldur þurfa erlendis fjárfestar jafnframt að sæta skattlagningu hér á hagnaði vegna sölu á íslensku fyrirtækjunum.

Ástralir eru nú að kynna þriðju alþjóðlegu skattaumbætur sínar á stuttum tíma með afnámi skatts á söluhagnað ástralskra fyrirtækja, svo og á erlendar arðstekjur og hagnað útibúa o.fl. Um þetta segir Helen Coonan, skattamálaráðherra Ástralíu, m.a. :

„With more than A\$160 billion invested in those foreign operations by Australian Companies, the reforms... will improve the productive use of that capital, which is of utmost importance to the well-being of Australians“¹⁴.

Ljóst er að stjórnvöld í Ástralíu (líkt og á Írlandi, Lúxembúrg, Sviss og víðar), hafa mjög skýr markmið og staðfasta stefnu í umbótum sínum á skattareglum ríkjanna. Jafnframt virðist vera fullkominn skilningur á þýðingu þess að skatta-reglur hamli ekki hagkvæmni nýtingar fjármagns. Markmiðið er klárlega að auka innlendar og erlendar fjárfestingar og bæta nýtingu og ávöxtun fjármagns – öllum þegnum til hagsældar.

Eftirfarandi samanburðartafla sýnir mismunandi skattareglur í nokkrum EES löndum um söluhagnað (annars vegar hagnað erlendra fjárfesta á hlut í innlendum fyrirtækjum og hins vegar hagnað innlends móðurfélags á dótturfélagi sínu), auk þess að sýna til viðmiðunar skattprósentu fyrirtækja og hvort eignarskattur sé lagður þar á eða ekki:

Þessi samanburður á skattskyldu söluhagnaðar og eigna er verulega óhagstæður fyrir Ísland. Auk þess eru þarna um 7 ríki sem hafa lægra tekjuskattshlutfall en Ísland – eru þá ekki talin upp ýmis önnur ríki utan EES sem hafa svipað eða lægra skattshlutfall, s.s. Hong Kong (17.5%), Rússland (24%), Chile (17%), Saudi

¹⁰ Eftir þriggja ára eignarhald í Danmörku, en án tíma-marka í Svíþjóð.

¹¹ Alþjóðlegu viðskiptafélögin hafa því hvorki skapað hér teljandi tekjur né viðskipti og voru auk þess til skoðunar hjá ESA vegna ríkisstyrkjaákvæða EES samningsins.

¹² Með orðinu „söluhagnaði“ er í grein þessari eingöngu átt við hagnað móðurfélags vegna sölu á dótturfélagi.

¹³ Þó hægt að fresta skattskyldu að uppfylltum laga-skilyrðum.

¹⁴ News – Legal Media Group (www.legalmediagroup.com), 20. apríl 2004.

TAFLA¹⁵	Takmörkuð skattskylda	Full skattskylda		
EES lönd	Söluhagnaður fjárfesta	Söluhagnaður fyrirtækis	Tekjuskatts-hlutfall	Eigna-skattur
Austuríki	Nei/já	Nei*	25% ¹⁶	Nei
Belgía	Já	Nei*	33.99%	Nei
Bretland	Já*	Nei*	30%	Nei
Danmörk	Nei	Nei*	30%	Nei
Eistland	Nei	Nei	0%	Nei
Finnland	Nei	Já	29%	Nei
Frakkland	Nei/já	Nei*	34.3%	Nei
Holland	Nei*	Nei*	29/34.5%	Nei
Ísland	Já	Já	18 / 26%	Já
Írland	Nei	Nei* (2005)	12.5%	Nei
Mön	Nei	Nei	10/15/18%	Nei
Króatía	Nei	Já	20.32%	Nei
Kýpur	Nei	Nei	10%	Nei
Lúxembúrg	Nei*	Nei*	30.38%	Já
Makedónía	Nei	Nei	15%	Nei
Malta	Nei	Nei*	35%	Nei
Mónakó	Nei	Nei*	33.33%	Nei
Noregur	Nei (2004)	Nei (2004)	28%	Nei
Slóvenía	Nei*	Nei*	10 / 25%	Nei
Svíþjóð	Nei*	Nei*	28%	Nei
Ungverjaland	Nei	Nei/já	16%	Nei
Þýskaland	Nei	Nei*	38.29%	Nei

Arabía (20%) Sviss (24.1%), Pólland (19%), Slóvakía (19%) og Singapúr (22%).

Afdráttarskattar af arði – þróun í nágrannalöndum

Eins og rætt er hér að framan þá er ekki tekinn afdráttarskattur af arði í Bretlandi þegar hann er greiddur til erlendra hluthafa. Mörg önnur lönd hafa einnig sett í löggjöf sína veigamiklar undantekningar á afdráttarskattsreglum þegar um arðgreiðslur til erlendra hluthafa er að ræða. Skiptir þar mestu að þessi lönd falla frá afdráttarskattinum þegar um arðgreiðslur er að ræða til félags sem er heimilisfast í ríki (viðtökuríki) sem gert hefur tvísköttunarsamning við landið sem greiðslan fer frá (greiðsluríkið) eða þegar greitt er til ríkis með sambærilega skattlagningu og greiðsluríki. Skiptir þá ekki máli hvort greiðsluríkið eigi rétt á afdráttarskatti í öðrum tilvikum eða skv. tvísköttunarsamningi, þar sem að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er einhliða fallið frá þeirri skattlagningu samkvæmt lands-

rétti greiðsluríkisins. Danmörk, Svíþjóð og Írland eru góð dæmi um lönd sem hafa lögleitt þessar reglur með einum eða öðrum hætti.

Þá er ekki tekinn afdráttarskattur af arði á milli félaga innan Evrópusambandsins að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þar um. Reglur EES um frjálst flæði fjármagns og staðfesturétt heimila ekki að skattlagning milli fyrirtækja sé vægari fyrir innlend fyrirtæki heldur önnur fyrirtæki sem heimilisföst eru innan EES. Þetta hafa norskir dómars staðfest og hefur norska fjármálaráðuneytið kynnt skýrslu sem boðar breytingar á framkvæmd í Noregi, en nýju reglurnar munu taka gildi þegar á þessu ári. Þannig mun enginn afdráttarskattur verða tekinn í Noregi þegar norskt fyrirtæki greiðir arð til félags sem heimilisfast er í EES ríki og uppfyllir önnur skilyrði sem kunna að verða sett í löggjöfinni. Jafnframt mun Noregur veita sama persónuafslátt til EES þegna og innlendra. Auk þess eru boðaðar víðtækar skattundanþágur fyrir norskt fyrirtæki, þ.m.t. skattfrelsi söluhagnaðar. Eins

og víðast hvar annarsstaðar þá er málum þannig háttað hér á landi að íslenskt móðurfélag sætir engri skattlagningu á arði sem það fær greitt frá dótturfélagi sínu. Hins vegar sætir móðurfélag á EES svæðinu, sem á íslenskt dótturfélag, allt að 15% afdráttarskatti á Íslandi¹⁷. Þegar þessar greiðslur eru látnar sæta afdráttarskatti hér á landi, þá er um klára mismunun að ræða, líkt og í Noregi. Það er því nokkuð ljóst að íslensk stjórnvöld þurfa að laga skattalöggjöf sína að EES reglum sem fyrst með sama hætti og Noregur, þ.m.t. varðandi reglurnar um afdráttarskatt af arði.

Ríki eru í auknum mæli farin að leggja áherslu á að falla beinlínis frá tvísköttun á arði í tvísköttunarsamningum sín á milli. Þetta kemur t.d. fram í nýju samningsfyrirmynd Bandaríkjana og nýlegum samningum þeirra við Ástralíu, Bretland og Holland. Ísland og Bandaríkin eru nú í viðræðum um nýjan tvísköttunarsamning og væntanlega munu Bandaríkjamanna fara fram á afnám tvísköttunar á hagnaði fyrirtækja í nýjum tvísköttunarsamningi og ef Íslendingar neyðast til að samþykkja nýjan samning, þá hljóta þeir að þekkja það boð. Hins vegar er stefna íslensku tvísköttunarnefndarinnar almennt með þeim hætti að menn eru ekki vongóðir um afnám slíkrar tvísköttunar á milli Íslands og Bandaríkjana, ef til nýs samnings þarf að koma.

Írland – nýtt frumvarp

Stjórnvöld á Írlandi eru með mjög skýr markmið varðandi beinar erlendar fjárfestingar og nýtingu fjármagns á Írlandi, enda hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Almenn skattprósenta er nú aðeins 12.5% á Írlandi, auk þess sem veittir eru sérstakir frádráttarliðir við útreikning skattstofna. Nýlega hefur verið lagt fram frumvarp til laga á írsku þinginu þar sem boðaðar eru enn frekari breytingar á skattalöggjöfinni, þ.m.t. að arðstekjur og söluhagnaður írskra fyrirtækja verður undanþeginn skatti, auk þess sem arðgreiðslur til erlendra hluthafa að uppfylltum rúmunum skilyrðum verða einnig

¹⁵ Í töflu hafa athugasemdir gróflega verið flokkaðar með eftirfarandi meginmerkingum (geta verið mjög mismandi eftir löndum): Nei/já = Lækkað skattahlutfall eða aðrar ívilnanir, Nei* = Undanþegið að

uppfylltum skilyrðum, Já* = Skattskyld almennt, en þó með undanþágum.

¹⁶ Þessar breytingar voru kynntar stuttu áður en þessi grein fór í prentun, en gert er ráð fyrir að skatt-

prósenta lækki í Austuríki úr 34% í 25% frá og með árinu 2005.

¹⁷ Einstaka tvísköttunarsamningar gætu lækkað þennan skatt í 0%, 5% eða 10%.



undanþegnar skattskyldu. Þá er aukið við frádráttarbæra liði varðandi rannsókn og þróun og frádráttarbærni á sköttum greiddum í erlendum lögsögum.

Af Írum gætu Íslendingar mikið lært, þó ekki væri nema þau viðhorf og staðfesta írskra stjórnvalda í að ná árangri í samkeppni um erlendar fjárfestingar.

Útrás íslenskra fyrirtækja

Ljóst er að íslenski markaðurinn er lítill og orðinn mettaður á ýmsum sviðum. Brýnt er að íslensk stjórnvöld grípi til aðgerða til að auðvelda og hvetja íslenska aðila til að fjárfesta erlendis, en jafnframt að gera þeim kleyft að halda utan um fjárfestingar sínar í gegnum íslensk eignarhaldsfélög. Hér skipta reglur um skattskyldu söluhagnaðar miklu máli og er brýnt að íslensk stjórnvöld taki við sér í þessum efnum og fylgi fordæmum nágrannabjórða í að afnema þessa skattskyldu fyrirtækjanna. Ef stuðlað er að bættri nýtingu fjármagnsins með því að skattleggja ekki söluhagnað fyrirtækjanna hér á landi þá er ýtt undir að Íslendingar staðsetji eigur sínar í íslenskum eignarhaldsfélögum og þannig tryggja að endanleg skattlagning innlendra hluthafa fari fram hér á landi, auk þess sem erlendir hluthafar í íslenskum útrásarfyrirtækjum myndu einnig skapa auknar beinar eða óbeinar skatttekjur hér á landi í gegnum slíkt eignarhald¹⁸. Frá sjónarhóli skattyfirvalda þá hlýtur að vera æskilegt að fjárfestingar séu almennt í höndum íslenskra eignarhaldsfélaga. Og hvort heldur það varðar innlendar eða erlendar fjárfestingar Íslendinga, þá hljóta menn að spyrja: Af hverju að hafa þessar fjárfestingar í erlendum eignarhaldsfélögum?

Um skattasamkeppni

Skattasamkeppni ríkja er viðurkennd staðreynd innan OECD og ESB, enda er hún talin nauðsynleg alþjóðavæðingunni. Hins vegar hafa báðar stofnanir talað um svokallaða „skaðlega skattasamkeppni“, en þá er fyrst og fremst átt við að reglur einstakra ríkja séu með þeim hætti

að þær komi í veg fyrir eðlilegt upplýsingaflæði milli ríkja¹⁹. Að öðru leyti snýst þessi samkeppni um verkefni og fjármagn innan ramma alþjóðlegra skuldbindinga²⁰.

Lönd eins og Bandaríkin, Bretland og Kanada eru gjarnan talin stærstu þátttakendurnir í skattasamkeppni ríkjanna – og þá nánast á eigin forsendum. En lönd eins og Sviss, Lúxembúrg, Írland, Holland og Belgía hafa lengi gert sér grein fyrir því hvað smáríki geta skapað sér mikla velferð með því að stuðla að auknu flæði erlends fjármagns og beinna fjárfestinga í löndum sínum. Það gefur jafnframt auga leið að hið litla íslenska hagkerfi getur haft gífurlega hagsmuni af því að laða hingað til lands fjárfestingar frá stórum erlendum fyrirtækjum – sér í lagi á fjármálasviðinu þegar tekið er tillit til landslegu, menntunar og skilvirks efnahagslífs. Í svo litlu hagkerfi munar hlutfallslega miklu um hverja einstaka fjárfestingu erlendra stórfyrirtækja og því eftir miklu að slægjast fyrir Ísland. Nú eru fullyrðingar eins og þessar sem betur fer orðnar tölulegar staðreyndir. Hér má því geta þess að innan við 10 fyrirtæki í eigu erlendra stórfyrirtækja, sem sinna fjármála – eða eignarhaldsstarfsemi innan samstæðu og hlotið hafa bindandi álit fjármálaráðuneytis í skattamálum, skiluðu um 500 milljónum í skatttekjur til ríkissjóðs vegna ársins 2002. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu²¹ voru heildarskatttekjur ríkissjóðs af öllum fyrirtækjum á landinu um 13.8 milljarðar vegna sama árs. Það liggur því fyrir að þessi fáu fyrirtæki skiluðu ríkissjóði um 4% af öllum tekjuskatti fyrirtækja á Íslandi það árið, auk ýmissa annarra beinna og óbeinna tekna og allt án nokkurs teljandi tilkostnaðar eða annarrar fyrirhafnar. Því miður gera yfirvöld ekki mikið til að viðhalda eða auka þessar fjárfestingar, enda virðist korta að skýr markmið liggja fyrir eins og tíðkast í þeim löndum sem ná árangri á þessu sviði.

Lokaorð

Það er löngu kominn tími á að íslensk stjórnvöld móti skýra stefnu í þessum málum og grípi

til skipulagðra aðgerða til að laða til landsins erlent fjármagn og auðveldi innlendum útrásarfyrirtækjum enn frekar að hasla sér völl erlendis í gegnum innlend eignarhaldsfélög. Hér hlýtur að skipta miklu máli að einfalt er að gera breytingar á íslensku löggjöfinni ef vilji stendur til þess. Þá er ekki síður mikilvægt að íslensk yfirvöld verða að breyta lögunum hvort eð er í ljósi skuldbindinga sinna skv. EES samningnum. Hér þyrftu fyrst og fremst að koma til tæknilegar breytingar á einstaka ákvæðum skattalaga. Slíkar breytingar hefðu lítil áhrif á núverandi skattstofna fyrir ríkissjóð, en breytingar myndu hins vegar skapa grundvöll fyrir verulegar beinar og óbeinar skatttekjur í framtíðinni – eins og dæmin sanna. Það eru því mikil tækifæri fyrir Ísland í samkeppninni um alþjóðlegt fjármagn og brýnt að íslensk stjórnvöld skerpi á markmiðum sínum í þessum efnum og grípi til skipulagðra aðgerða til að stuðla m.a. að:

- Auknu fjármagnsflæði og fjölbreyttari fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi, t.d. með því að setja reglur um að fjárfestar, heimilisfastir í ríkjum innan EES eða í ríkjum sem við höfum gert tvísköttunarsamninga við, þurfi ekki að sæta takmarkaðri skattlagningu á arði eða söluhagnaði;
- Aukinni útrás og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, t.d. með því að gera söluhagnað fyrirtækja undanþeginn skattlagningu með sama hætti og arðstekjur, og stuðla þannig jafnframt að bættri skattframkvæmd og auknum beinum og óbeinum skatttekjum;
- Einfaldri framkvæmd á sviði skatta- og félagaréttar um leið og gætt er að vel í grunduðum, einföldum og gagnsæjum reglum til að koma í veg fyrir skilgreinda misnotkun eða óæskilega hegðun aðila;
- Taka endanlega ákvörðun um afnám eignaskatts og stimpilgjalda;
- Bættri þjónustu skattyfirvalda og breyttu viðhorfi til skattþegna.

¹⁸ Þó æskilegt sé að undanþegnar verði beinar fjárfestingar erlendra fyrirtækja í löndum sem við höfum gert tvísköttunarsamning við, sbr. þróun í öðrum löndum.

¹⁹ Þetta á fyrst og fremst við um tilteknar skattaparadísir sem leggja engan eða lítinn skatt á fyrirtæki, eru með takmarkaða löggjöf um peningabætti og veita ekki nægilegar upplýsingar um eigendur fjármagns.

²⁰ Til dæmis þurfa EES ríki að huga að samkeppnisreglum EES um ríkisstyrki.

²¹ Þingskjal 1408 – 702. mál, 130. löggjafarþing 2003–2004.

Í Vesturheimi

Það hefur lengi verið talið mannbætandi að breyta til í lífinu og reyna eitthvað nýtt. Ekki það að ég sé óskaplega nýjungagjarn, ég flokkast sjálfsgagt frekar sem afturhaldsseggur. Sumir hafa sagt „týpískur endurskoðandi“, hvað sem það nú þýðir. Það hefur þó lengi blundað í mér að gaman væri að prófa að búa erlendis um skeið, þó ekki væri nema til að víkka sjónvildarhringinn aðeins og öðlast frekari þroska.

Hjá því ágæta fyrirtæki sem ég vinn hjá, Deloitte með grænum punkti, hefur um margra ára skeið verið rekið svokallað GDP (Global Development Program), sem er alþjóðlegt starfsmannaskiptakerfi. Með GDP gefst starfsmönnum Deloitte kostur á að vinna tímabundið á einhverri skrifstofu fyrirtækisins erlendis og öðlast með því aukna reynslu og þekkingu sem nýtist þeim síðar í störfum sínum. Áður höfðu nokkrir samstarfsfélagar mínir á Íslandi tekið þátt með því að fara til Bandaríkjana, Danmerkur og Svíþjóðar og líkað mjög vel og sótti ég því um. Ég fékk tilboð frá Deloitte í Winnipeg í Kanada um að koma til þeirra og vinna í átján mánuði, sló til og sé svo sannarlega ekki eftir því.

Þegar þetta er ritað eru um sex mánuðir liðnir af dvöl okkar hér í Winnipeg. Með mér í för er Gréta mín og börnin okkar tvö, Katrín þriggja ára og Kári sem er rétt rúmlega eins árs. Þetta er búinn að vera afar skemmtilegur tími og lærdómríkur. Það er töluvert átak að koma sér fyrir í nýrri borg, í nýju landi, með nýtt tungumál og þekkja engan. Við höfum þó fengið mjög góðan stuðning í gegnum GDP-prógrammið.

Fólk hér í Winnipeg er afar vengjarnlegt og kurteist og hefur okkur verið mjög vel tekið. Margir vita þónokkuð um Ísland og eru forvitnir um land og þjóð. Tengsl Winnipeg við Ísland hafa verið mikil alla tíð frá komu Vesturfaranna og eru ekki ófáir Íslendingar sem eiga skyldmennni hér í nágrenninu. Aðal „Íslendingasvæðið“ er þó í kringum Gimli sem er um 80 kílómetra norður af Winnipeg. Þar er sérstakt Íslendingasafn til að minnsta Vesturfaranna og

þar er líka hin fræga, árlega hátíð, „Íslendingadagurinn“ haldin.

Við höfum oft verið spurð hvað það sé sem hafi komið okkur mest á óvart hér í Winnipeg. Svarið við því er að í raun hefur ekkert komið okkur stórkostlega á óvart. Hér í borg búa rúmlega 600 þúsund manns og lífið er í raun ákaflega líkt því sem við eigum að venjast frá Reykjavík, með nokkrum undantekningum þó. Ein af þeim er blessað veðrið. Það var búið að vara okkur við því að í Winnipeg gæti orðið



Hólmgrímur Bjarnason endurskoðandi skrifar frá Winnipeg

býsna kalt yfir veturinn en við töldum okkur nú vera ýmsu vön frá Íslandinu kalda. Ég hélt til dæmis að mér hefði verið kalt þarna um árið þegar ég var sendur í birgðatalningu í einhverri frystigeymslunni vestur á Fjörðum. Það var ekkert!! Aldrei á ævinni hefur mér orðið jafn



Greinarhöfundur í miðbæ Winnipeg með The Commodity Exchange Tower í baksýn þar sem skrifstofur Deloitte eru til húsa á 22. og 23. hæð.



kalt og í janúar síðastliðnum sem var sá kaldasti í manna minnum hér í Winnipeg. Frostið fór yfir 40 stig og yfir 50 stig með vindkælingunni, trúið mér, það er kalt.

Verðlagið hér í borg kom okkur þægilega á óvart. Hér er sem sagt flest mun ódýrara en heima á Íslandi. Eitt ýktasta dæmið er sennilega bensinið sem kostar um 35 krónur lítrinn, enda eru bílarnir sverir eftir því. Þeir voru ljúfir fyrstu dagarnir okkar hér meðan við vorum að eyða aurunum okkar frá Íslandi, það var allt svo skemmtilega ódýrt. Svo kom áfallið, fyrsti kanadíski launaseðillinn, við vorum víst ekkert rík eftir allt saman.

Ég er nú ekki lítill maður en það get ég sagt ykkur að ég hélt að ég hlyti að hafa skroppið saman um nokkur númer á leiðinni hingað vestur um haf. Hér er allt svo stórt að mér leið eins og hálfgerðum stubbi fyrstu dagana. Það eru ekki bara bílarnir sem eru sverir heldur eru öll húsgögn og heimilistæki í stærri kantinum líka. Ísskápurinn okkar er til dæmis manngengur og bakarofninn rúmar heilan lambskrokk. Sjálfur er ég því miður að gildna í stíl við allt annað, þökk sé óteljandi skyndibitastöðum og alltof mörgum hrikalega góðum amerískum kleinuhringjum. Læt mér það þó í léttu rúmi liggja því

eins og ágætur kunningi minn hér sagði: „I'm in shape, round is a shape”

Vinnan hér hjá Deloitte í Winnipeg gengur vel. Þetta er búið að vera krefjandi og lærdómsríkur tími það sem af er. Þó að starfsumhverfið sé ekki ósvipað því sem ég á að venjast heima var það ákveðið áfall að byrja að vinna, þó ekki væri nema vegna þess að allt er á ensku. Mér sýnist að allt sé stífara hér en heima og formlegheitin meiri. Enron og hliðstæð mál virðast hafa haft mun meiri áhrif hérna vestan hafs. Einn ágætur samstarfsfélagi minn sagði að eftir Enron þá hefði gátlistunum fjölgað um helming, „professional judgement” væri nánast úr sögunni og þeim væri varla leyft að hugsa lengur. Ég er ekki viss um að ég sé sérstaklega hrifinn af þessari þróun.

Þar sem ég hef ekki enn sett mig mikið inn í fræðilega hluti hér, ætla ég ekki að fara út í þá að sinni að minnsta kosti. Hins vegar langar mig að minnast á nokkur atriði sem vakið hafa athygli mína. Í fyrsta lagi langar mig að gamni að nefna „the voice mail”. Ég vissi reyndar að hann væri vinsæll hér en hefði aldrei trúað hversu vinsæll hann er. Það er eiginlega fyndið að koma úr hinu mikla GSM- og tölvupóstsamfélagi á Íslandi hingað þar sem varla nokkur

kjaftur er með GSM og öll boð milli manna fara í gegnum „voice mail”. Í öðru lagi hefur það vakið athygli mína hversu lok reikningsskilaárs fyrirtækja eru dreifð yfir almanaksárið. Vissulega eru áramótin vinsælust en að mér sýnist engan vegin jafn vinsæl og heima á Íslandi. Þetta veldur því náttúrulega að vinnuálag er mun jafnara yfir árið og væri sjálfsgagt eitthvað sem íslenskir endurskoðendur hefðu ekkert á móti. Í þriðja lagi langar mig að nefna mikla notkun staðfestingabréfa hér. Ekki bara vegna viðskiptakrafna og viðskiptaskulda heldur einnig staðfestinga á hvers konar inneignum, fjárfestingum og skuldum við banka og lánastofnanir. Hér eru til dæmis send út stöðluð staðfestingarbréf vegna allra bankainnstæðna, sem gerð hafa verið í samvinnu samtaka endurskoðenda (CICA – The Canadian Institute of Chartered Accountants) og samtaka bankastofnanna. Í fjórða og síðasta lagi langar mig að nefna stífari reglur er lúta að óhæði endurskoðenda, eitthvað sem líklegt er að sé á leiðinni til Íslands í nánustu framtíð, ef það er þá ekki þegar komið.

Með bestu kveðjum frá Winnipeg í Kanada.

Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.

Félag löggiltra endurskoðenda.

Ríkisskattstjóri

Yfirséðanefnd

Kauphöll Íslands

Stjórnartíðindi

NRF – Norræna endurskoðendasambandið

FEE – Evrópusamb. endurskoðenda

IASB – International Accounting Standards Board

IASB – pantanir á reikningsskilastöðum o.fl.

IFAC – International Federation of Accountants

IFAC – pantanir á endurskoðunarstöðlum o.fl.

ISAC – Alþjóðl. reikningsskilaráðið

Landsaðgangur að gagnasöfnun

www.althingi.is

www.fle.is

www.rsk.is

www.yskn.is

www.icex.is

www.stjornartidindi.is

www.nrfaccount.se

www.fee.be / www.euro.fee.be

www.iasb.org

www.iasb.org

www.ifac.org

www.ifac.org/Store

www.iasc.org.uk

www.hvar.is

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin
mánudaga til fimmtudaga
frá kl. 9 – 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@fle.is
arnbjorg@fle.is

Heimasíða: www.fle.is

Frá endurskoðunarnefnd FLE

Breytingar á áttundu tilskipun Evrópusambandsins um endurskoðun

Nú nýlega voru lögð fram drög að nýrri áttundu tilskipun Evrópusambandsins þar sem fjallað er um endurskoðun ársreikninga. Í þessari samantekt er ætlunin að stikla á stóru varðandi meginatriði þessara nýju draga að tilskipun. Gert er ráð fyrir því að tilskipunin verði samþykkt í ár og taki gildi frá og með 1. janúar 2006.

Markmið breytinganna er að herða kröfur til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í kjölfar þeirra stóru hneykslismála sem komið hafa upp á þessu sviði í Bandaríkjunum (Enron og Worldcom) og Evrópu (Parmalat). Meginmarkmiðin með breytingunum eru að skilgreina betur skyldur endurskoðenda og setja fram kröfur til þeirra um óhæði. Það að óhæði endurskoðenda skuli tryggt er í raun aðalmarkmiðið með breytingunum og í því sambandi má nefna að það er meðal annars til skoðunar hvort banna eigi endurskoðendum að veita viðskiptavinum sínum í endurskoðun aðra þjónustu, svipað og gert er varðandi skráð fyrirtæki í Bandaríkjunum. Jafnframt eru gerðar kröfur um að endurskoðendur einstakra landa setji sér siðareglur sem taki að lágmarki mið af þeim siðareglum sem Alþjóðlega endurskoðunarnefndin hefur sett fram þ.e. „IFAC Code of ethics“. Þá eru í tilskipuninni settar fram kröfur um ytra gæðaeftirlit með endurskoðendum og aukið opinbert eftirlit með stéttinni, auk þess að lögð er aukin áhersla á samstarf milli eftirlitsaðila innan aðildarríkjanna.

Ákvæði áttundu tilskipunarinnar eiga við um alla endurskoðun sem er framkvæmd innan Evrópusambandsins og væntanlega evrópska efnahagsvæðisins og þurfa því allir endurskoðendur að fara eftir fyrirmælum hennar hvort sem verið er að endurskoða stór eða lítil fyrirtæki. Í tilskipuninni er hins vegar gerður greinarmunur á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, þar sem hluti þeirra atriða sem fjallað er um í tilskipuninni á

einungis við um endurskoðunarfyrirtæki.

Tilskipunin tekur sérstaklega á aðilunum sem varða almenningshagsmunum „Public interest entities“. Til þessara aðila teljast félög með skráð verðbréf, bankar og tryggingafélög og félög yfir ákveðnum stærðarmörkum í fjölda starfsmanna. Þá hafa aðildarríkin einnig möguleika á að láta þessa skilgreiningu ná til fleiri aðila svo sem heilbrigðisstofnanna og lífeyrisjóða. Þeir sérstöku liðir sem snúa að þessum

hann að gangast undir próf til að færa sönnur á þekkingu sína á lagaumhverfi þess lands sem hann hyggst starfa í.

Samkvæmt tilskipuninni verður opnað á eignarhald endurskoðenda í öðrum löndum í endurskoðunarfyrirtækjum og er það í samræmi við reglur Evrópusambandsins um frjálst fjármagnsflæði.

Tilskipunin gerir ráð fyrir því að almenningi verði veittur greiðari aðgangur að upplýsingum



Kaffisopinn góður.

aðilum eru að þeir eiga að hafa óháða endurskoðunarnefnd sem annast samskipti við ytri endurskoðendur þeirra og gerir tillögur til hluthafafunda (aðalfunda) um endurskoðendur. Annað snýr að endurskoðendum þessara aðila, þ.e. endurskoðunarfyrirtækjunum. Þau endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun þessara aðila skulu birta opinberlega ítarlegar upplýsingar um fyrirtæki sitt ásamt upplýsingum um alþjóðleg og önnur tengsl þess. Þá skulu þau einnig hafa innra gæðaeftirlitskerfi.

Ekki eru í tilskipuninni að finna neinar breytingar varðandi kröfur um menntun eða endurmenntun endurskoðenda. Þá verður ekki heldur nein breyting á því að til þess að geta framkvæmt endurskoðun í öðru landi en því sem endurskoðandi hefur fengið löggildingu, þarf

um hverjir hafi löggildingu til endurskoðunarstarfa og halda skal skrá á rafrænu formi um alla endurskoðendur. Þá þurfa endurskoðunarfyrirtæki að veita upplýsingar um fjölda endurskoðenda sem þar vinna, hverjir eru eigendur fyrirtækisins, stjórnendur þess og tengsl, þ.m.t. alþjóðleg tengsl.

Í tilskipuninni eins og hún liggur fyrir er gert ráð fyrir því að alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir verði teknir upp að fengnu samþykki stjórnar Evrópusambandsins. Endurskoðendur skulu því samkvæmt þessu framkvæma endurskoðun í samræmi við þá frá og með 1. janúar 2006.

Af ofangreindu má ljóst vera að verulegar breytingar eru að verða á umhverfi okkar og að verið er að herða á þeim kröfum sem gerðar eru



til okkar sem stéttar og þurfum við því að vera viðbúin að bregðast við og standa undir og viðhalda því trausti sem borið er til stéttarinnar.

Efni frá alþjóðlegu endurskoðunarnefndinni (IAASB)

Á endurskoðunardegi 16. apríl síðast liðinn voru kynnt þau verkefni sem alþjóðlega endurskoðunarnefndin hefur verið að vinna í á síðustu tveimur árum ásamt þeim verkefnum sem hún er að fást við í dag og ætlar að takast á við á næstunni.

Alþjóðlega endurskoðunarnefndin er sjálfstæð nefnd sem starfar á vegum IFAC (alþjóðasambands endurskoðenda) við að útbúa regluverk um endurskoðun.

Nefndin hefur nýlega breytt uppbyggingu regluverksins og nú skiptast staðlar og ítarefni sem nefndin sendir frá sér í sex flokka:

- ISA sem eru alþjóðlegir staðlar um endurskoðun.
- ISRE sem eru alþjóðlegir staðlar um könnun reikningsskila.
- ISAE sem eru alþjóðlegir staðlar um aðra staðfestingarvinnu endurskoðenda en endurskoðun eða könnun reikningsskila.
- ISRS sem eru alþjóðlegir staðlar um tengda þjónustu sem endurskoðendur veita viðskiptavinum sínum.
- ISQC sem eru alþjóðlegir staðlar um gæðakerfi við endurskoðun og aðra vinnu sem endurskoðendur taka að sér.
- IAPS sem eru nákvæmari leiðbeiningar um framkvæmd staðla.

Á árinu 2002 var samþykkt áætlun um uppfærslu endurskoðunarstaðlanna sem nefndin hefur unnið eftir og hafa verulega breytingar orðið á stöðlunum í kjölfar þess. Mikið starf er enn í gangi hjá nefndinni en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu IFAC www.ifac.org. Einnig verða aðgengilegar á heimasíðu FLE www.fle.is glærakynningar með fyrirlestrum frá endurskoðunardegi en á þeim er að finna yfirlit yfir helstu breytingar á einstökum stöðlum síðastliðin tvö ár.

Jón Arnar Baldurs

Formaður Endurskoðunarnefndar FLE

Landsaðgangur að gagnasöfnum, hvar.is

Kynning á nýrri þjónustu Landsbókasafnsins.

Starfsemi endurskoðenda snertir flesta aðra starfsemi sem nöfnum tjáir að nefna. Starfsfólk getur því stöðugt lent í að skoða nýjar lausnir í rekstri. Það er engin ástæða til annars en að líta á hvernig hlutir hafa verið framkvæmdir í heiminum. Það er ekki þörf á að finna upp hjólið, og það er alltaf lærdómsríkt að sjá hvað fólk er að gera annars staðar. Einn staður á vefnum er öðrum betri til að finna slíkar upplýsingar, sem er hvar.is. Hér er ekki verið að draga úr ágæti þess að leita á Google eða öðrum leitartækjum á vefnum. Efnið á hvar.is er annars eðlis. Þar eru tímaritagreinar sem þegar hafa verið gefnar út í viðurkenndum tímaritum, oft fagtímaritum, sem og gagnasöfn eins og Britannica. Þessi aðgangur er hugsaður sem viðbót við þær upplýsingar sem landsmenn geta náð í á bókasöfnum eða öðrum upplýsingamiðstöðvum. Aðgangurinn er bundinn við landsteinana. Engu skiptir hver sest fyrir framan nettengda tölvu á Íslandi, svo lengi sem einkennistala

hennar (IP-tala) er á skrá yfir aðgang, sem fengin er frá íslensku netveitunum.

Fólk slær inn hvar.is á vefsíðu sínum og leitar í gagnasöfnunum sem eru til hægrar á síðunni. Á vef hvar.is eru einnig leiðbeiningar um hvernig eigi að leita í gagnasöfnunum, sjá krækju til vinstri á vefnum. Til að fletta upp í og leita að einstökum tímaritum eða greinum, notar fólk tímaritalistann TDNet. Athugið að oft koma fréttir og greinar á þessum rafrænu útgáfum áður en þær birtast á prenti. Fólk ætti alltaf að nota hvar.is til að tengjast þessum gagnasöfnum. Þeir sem slá inn vefköng eða bókmerki geta auðveldlega lent á vitlausri síðu. Krækjurnar á hvar.is eru réttar. Yfirleitt má segja að ef fólk er spurt um aðgangsorð hafi það lent á vitlausri síðu. Vandinn er að sú síða festist oft í skyndiminni (proxy) tölvunnar, og þá þarf að hreinsa skyndiminnið, en upplýsingar um hvernig eigi að fara að því eru á vef hvar.is.

Sveinn Ólafsson, umsjón hvar.is

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. júní 2004 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. september 2004 kl. 12
- Reikningsskiladagur FLE, Grand Hótel, föstudagur 24. sept. 2004 kl. 13–17
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. október 2004 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. nóvember 2004 kl. 12
- Hausráðstefna, aðalfundur FLE, Hótel Loftleiðir, þingsalir 1–4, föstudag og laugardag 12. og 13. nóvember 2004
- Árshólf FLE, Sunnusalur, Radisson SAS-Hótel Saga, 13. nóvember 2004
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. desember 2004 kl. 12

Niðurstöður löggildingarprófa 2003



Jóhann Ioan Constantin Solomon
KPMG Endurskoðun hf.



Lúðvík Karl Tómasson
Íslensk Erfðagreining hf.



Pálína Árnadóttir
Deloitte hf.



Víðir Álfgeir Sigurðsson, Endurskoðun og uppgjör ehf.


Próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa voru haldin 13.–24. nóvember 2003. Í aðfara þessara prófa var boðið upp á námskeið til undirbúnings fyrir löggildingarprófin, eitt námskeið í hverju fagi. Námskeiðið var haldið af Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands, í samstarfi við stjórn og menntunarnefnd FLE.

Þegar niðurstöður prófanna lágu fyrir, sem var hinn 8. janúar 2004, kom í ljós að 4 einstaklingar höfðu lokið öllum verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og þar með öðlast rétt til að fá löggildinguna sem endurskoðendur. Afhending löggildingarskírteina fór síðan fram hinn 9. febrúar í Þjóðmenningarhúsinu, en FLE bauð hinum nýútskrifuðu endurskoðendum til fyrsta hádegisverðarfundar þeirra, skömmu áður eða þann 4. febrúar. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.


Með góðfúslegu leyfi frá prófanefnd birtum við töflur sem sýna niðurstöður löggildingarprófanna.

Löggildingarpróf 2003


Endurskoðun 44
Meðaleinkunn 6,52. 7,5 og yfir: 31,8%




Reikningskilafraeði 28
Meðaleinkunn 6,02. 7,5 og yfir: 28,6%



Skattskil 47
Meðaleinkunn 6,45. 7,5 og yfir: 36,2%



Gerð reikningskila 35
Meðaleinkunn 6,09. 7,5 og yfir: 34,3%





Athyglisverðir úrskurðir yfirskattanefndar

Frá 297/2003 til 80/2004 – samantekt frá Ríkisskattstjóra

297/2003

Sala á bát. Tekjur af útgerð – Atvinnurekstrartekjur – Stofnverð skv. 10. og 11. gr. Arfur – Málmeðferð 95. og 96. gr. – Söluhagnaður 14. og 15. gr. – gr.

Skattstjóri færði kæranda til tekna sem tekjur af atvinnurekstri samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981 hreinar tekjur af hlut kæranda vegna rekstrar og sölu báts en bátinn hafði kærandi tekið í arf eftir föður sinn ásamt systkinum sínum. Báturinn var tilgreindur á erfðafjárskýrslu á verði sem byggði á mati skipasölu. Báturinn var síðan seldur og lá fyrir í málinu afsal vegna sölunnar auk rekstrarreiknings vegna útgerðar bátsins. Í rekstrarreikningi voru tilgreindar tekjur vegna selds afla. Hagnaði vegna sölu bátsins og af rekstri var skipt á milli eigendanna. Skattstjóri leit á tekjurnar sem atvinnurekstrartekjur í hendi kæranda. Kærandi kærði þá niðurstöðu skattstjóra og byggði á því að skattstjóri hefði ekki gætt réttar málsmeðferðar. Þá hefði kærandi þegar greitt erfðafjárskatt af arfinum auk þess sem rekstur bátsins hefði verið óviðkomandi kæranda. Að lokum taldi kærandi rétt við uppgjör hagnaðar vegna sölu bátsins að líta á það verð bátsins sem lagt var til grundvallar við skipti dánarbúsins sem stofnverð í skilningi 11. gr. laga nr. 75/1981. Yfirskattanefnd taldi að erfingjarnir hefðu almennt verið í sömu stöðu í skattalegu tilliti við sölu báts og afluheimildar og arfleifandi hefði hann selt útgerðina í lifanda lífi, sbr. m.a. 47. gr. laga nr. 75/1981. Var fallist á það með skattstjóra að virða bæri tekjur kæranda sem tekjur af atvinnurekstri skv. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981. Þá benti yfirskattanefnd á að það verð sem lagt er til grundvallar við skipti dánarbúa og við ákvörðun erfðafjárskatts telst ekki til stofn-

verðs eigna í skilningi 10. gr. laga nr. 75/1981. Kröfum kæranda var hafnað.

301/2003

Aðild eftir sameiningu – Aðildarskortur – Málshraði – Framlög til menningarmála – Gjaldfærsla vaxta af skuld við eigendur – Afleiddar breytingar á öðrum framtölum – Álag

Skattstjóri hafði með úrskurði gert tilteknar breytingar á skattskilum sameignarfélagsins H sf. Eftir að skattstjóri boðaði breytingar var félaginu breytt í einkahlutafélagið H hf. Deilt var um annars vegar gjaldfærslu vaxta af skuld við eigendur félagsins og hins vegar um gjaldfært framlag í tiltekinn minningarsjóð, auk þess sem skattstjóri felldi niður gjaldfærða vexti af skuld við minningarsjóðinn. Þá bættir skattstjóri 25% álagi við hækkan tekjuskattstofns. Kærandi, sem var H ehf., taldi að skattstjóri hefði beint úrskurði að röngum aðila, þ.e. H sf., en því félagi var slitið eftir samruna við kæranda. Í kæru til yfirskattanefndar kom fram að kæranda H hf. hafði verið skipt upp í fimm einkahlutafélög í eigu þeirra aðila er voru hluthafar að H hf. Kærandi gerði og athugasemdir við málshraða, en 19 mánuðir liðu frá andmælabréfi uns skattstjóri kvað upp úrskurð sinn. Að því er snéri að aðild tiltók yskn. að endurákvörðun skattstjóra varðaði skattskil H sf. gjaldárið 1999 vegna rekstrarársins 1998. Að því athuguðu og með vísan til H 1995:2502 og H 1997:3182, sbr. ennfremur sjónarmið sem fram koma í H 1992:1314, féllst nefndin ekki á það með kæranda að ákvörðun skattstjóra væri marklaus að lögum og að fella bæri hana úr gildi vegna aðildarskorts. Enda þótt skattstjóri hefði borið að beina tilkynningum sínum að hinu sameinaða

félagi taldi yskn. ekki að séð yrði að félagið hefði orðið fyrir neinum réttarspjöllum enda lá fyrir að endurákvörðunin hefði borist kæranda. Þóttu því ekki efni til að ógilda úrskurð skattstjóra af þeim sökum. Þá komst yskn. að þeirri niðurstöðu að brot á málshraðareglum yrðu þess ekki valdandi að ógilda bæri úrskurði skattstjóra. Að því er varðaði gjaldfærslu vaxta taldi yskn. ekki að um neitt skuldarsamband hefði verið að ræða á milli kæranda og eigenda þess og þegar af þeirri ástæðu gætu hinir umdeildi vaxtakostnaður ekki talist frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 51. gr. sömu laga. Ekki væri um vexti að ræða af atvinnurekstrarskuld heldur einungis reiknaðan arð af eign eigenda sameignarfélagsins. Þóttu því ekki tilefni til að fjalla um það hvort ákvæði 3. tölul. 52. gr. girti fyrir gjaldfærslu útgjaldanna, en á því ákvæði hafði skattstjóri byggt ákvörðun sína. Sú staðreynd að skattstjóri hafði ekki breytt framtölum eigenda til samræmis við niðurstöðu sína í hinum kærða úrskurði þótti ekki geta haft áhrif á niðurstöðu í þessu máli, en vísað var til leiðréttingarheimildar RSK í 101. gr. laga nr. 90/2003. Um gjaldfærslu framlags til minningarsjóðs taldi yskn. að þar sem að í skipulagsskrá væri ekki kveðið afdráttarlaust á um skyldu til að úthluta úr sjóðnum til þeirra málaflokka sem væri framlagið ekki frádráttarbært og vísaði í því samhengi til H1995:435. Að því er varðaði gjaldfærslu vaxta af skuld við minningarsjóðinn þá hafði skattstjóri hrundið þeirri breytingu sinni í framkvæmd með þeim rökum að ekki hefði verið mótmælt að skuldin væri í raun hluti af framlagi til sjóðsins. Þessa ályktun taldi yskn. ekki eiga við rök að styðjast miðað við gögn málsins og ómerkta þar með

niðurfellingu á gjaldfærslu vaxtanna, án þess að taka efnislega afstöðu til réttmæti gjaldfærslunnar sem slíkrar. Álagsbeiting var staðfest, en þó með þeim frávikum að fallið var frá beitingu álags vegna framlags til minningar-sjóðsins.

366/2003

Eignarskattur. Afgjaldskvaðarverðmæti. Spurning um merkingu orðsins. Um gildi A – liðar 57.gr reglug. Nr 245/1963.

Kærendur töldu sig ekki þurfa að gjalda eignarskatt af leigulóð þeirri sem hús þeirra í Fossvogshverfi í Reykjavík stendur á. Lóðin væri eign Reykjavíkurborgar. Skattstjóri hafnaði þessari kröfu og færði lóðina kr. 5.946.260 þeim til eignar þó að teknu tilliti til afgjaldskvaðarverðmætis en samkvæmt reglugerð er það fjárhæð sem svarar til 15 faldrar lóðarleigu. Afgjaldskvöðin var kr. 73.740. Kærendur töldu skattstjóra misskilja hugtakið afgjaldskvaðarverðmæti. Kom fram hjá þeim að í 1. gr. laga nr. 90/2003 væri þess hvergi getið að greiða bæri eignarskatt af eignum annarra. Þá tóku þeir fram vegna tilvísunar skattstjóra til 1. tölul. 74. gr. sömu laga, að samkvæmt íslenskri málvenju og orðabók væri afgjaldskvaðarverðmæti verðmæti þess er greiða ætti afgjald af, þ.e. fasteignagjaldsverðið. Þar sem afgjaldskvaðarverðmæti og fasteignamat-sverð væri sama upphæð í þessu tilfelli væri enginn stofn til þess að leggja á. Væru því engar forsendur fyrir álagningu á þennan stofn. Niðurstaða yfirsattanefndar var þessi: „Samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal telja allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, til eignar á gildandi fasteignamat-sverði. Í 2. mgr. sama töluliðar kemur fram að eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamat-sverðs og afgjaldskvaðarverðmætis. Um mat á fasteignum til eignarskatts eru nánari reglur í A-lið 57. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Kemur fram í 1. mgr. þessa reglugerðarákvæðis að virðing á fasteign skuli fara eftir gildandi fasteignamati, sbr. nú lög nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Sé ræktun eða mannvirki á leigulóð, leigulandi eða erfðafestulandi metin í einu lagi með

lóðinni eða landinu, þá skuli eigandi telja sér lóðina eða landið til eignar á verði, sem svarar til fimmtánfaldrar leigunnar á skattárinu, þó aldrei hærra en sem fasteignamatinu nemur. Sé fasteignamatið hærra en ársleigan fimmtánföld, telst það, sem umfram er, eign leigjanda. Tekið skal fram, vegna athugasemda kæranda í bréfi til yfirsattanefndar, dags. 7. apríl 2003, að reglugerð nr. 245/1963 var sett á grundvelli heimildar í 54. gr. þágildandi laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fram kom að fjármálaráðherra setti með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, m.a. nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna. Hliðstæð reglugerðarheimild er í 1. mgr. 119. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú 1. mgr. 121. gr. laga nr. 90/2003. Í samræmi við almenn viðhorf um gildi réttarheimilda verður að telja að ákvæði reglugerðar nr. 245/1963 hafi haldið gildi sínu eftir gildistöku núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt að því leyti sem þau verða ekki talin ósamrýmanleg ákvæðum þeirra laga, svo sem byggt hefur verið á í úrskurð- og dómaframkvæmd, sbr. t.d. úrskurð yfirsattanefndar nr. 451/2000, sem birtur er á vefsíðu yfirsattanefndar (www.yskn.is), og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 2002 sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 9. október 2003 í máli nr. 144/2003 (Lísa Ásgeirsdóttir gegn íslenska ríkinu).

Ljóst er samkvæmt framangreindu skýlausu ákvæði 2. mgr. 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981 að við álagningu eignarskatts kæranda gjaldárið 2002 ber að telja þeim til eignar mismun fasteignamat-s leigulóðar að G og afgjaldskvaðarverðmætis lóðarinnar, sbr. og 1. mgr. A-liðar 57. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Almenn ákvæði 1. gr. laga nr. 75/1981 fá engu breytt um þetta, enda er umrætt ákvæði 74. gr. laganna sérákvæði sem gengur framur þeim. Um skýringu á ákvæðum 1. tölul. 74. gr. vísast að öðru leyti til úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 664/1982 sem birtur er í úrskurðahæfti nefndarinnar fyrir árin 1981 og 1982. Vegna athugasemda kæranda í kæru til yfirsattanefndar varðandi jafnræðisreglu stjórnskipunar-laga í þessu sambandi, sbr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, skal tekið fram að yfirsattanefnd á ekki úrskurðarvald um það hvort lagareglur kunni að fara í bága við

einstök ákvæði stjórnarskrárinnar og er því ekki bær til umfjöllunar um málsástæður sem á slíku eru byggðar. Samkvæmt stjórnskipunarvenju er það regla íslensks réttar að dómstólar eiga úrlausn þess hvort lög verði samþýdd stjórnarskránni. Yfirsattanefnd er stjórnvald og hefur samkvæmt því ekki hliðstætt hlutverk hvorki samkvæmt réttarframkvæmd né á öðrum grundvelli.“ Með vísan til þessa og fyrrgreinds ákvæðis 2. mgr. 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981 var kröfunni hafnað.

22/2004

Tekjur erlendis. Tvísköttunarsamningar. Jafnræðisregla.

Með úrskurði skattstjóra voru vanframtaldar örorkulífeyrisgreiðslur frá Svíþjóð færðar inn á skattframtöl kæranda og tekið tillit til þeirra við álagningu opinberra gjalda. Kröfu kæranda um að umræddur úrskurður yrði felldur úr gildi var hafnað og áréttaði nefndin að ekki hafi verið um skattlagningu hinna erlendu tekna að ræða, heldur hafi verið tekið tillit til þeirra við álagningu opinberra gjalda. Nefndin gerði athugasemd við að rökstuðningur skattstjóra hefði verið ómarkviss og skort hefði á að láta útreikning opinberra gjalda fylgja með úrskurðinum, voru þessir annmarkar þó ekki taldir leiða til ómerkingar ákvörðunarinnar.

Í kæru umboðsmanns kæranda var því haldið fram að umrædd meðferð á tekjum gjaldanda frá Svíþjóð bryti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 365/2002 sem varðaði skattalega meðferð ellilífeyris sem aðili fékk greiddan frá almannatryggingum í Bandaríkjunum. Varðandi þessa málsástæðu segir í úrskurðinum að yfirsattanefnd eigi ekki úrskurðarvald um það hvort einstök lagaákvæði kunni að brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar og sé því ekki bær til umfjöllunar um málsástæður sem á slíku séu byggðar.

80/2004

2. mgr. 97. gr. – Fyrningar – Flutningur á milli umdæma – Eldri úrskurði skattýfirvalda virtir að vettugi – Álag – Niðurfelling álags að hluta

Forsaga málsins var sú að hlutafélagið A (kærandi) hafði á sínum tíma verið stofnað í



þeim tilgangi að taka við rekstri, eignum og skuldum, tiltekins lögaðila B. Skattstjórinn í Reykjavík hafði tekið gjöld þessa félags til endurákvörðunar og lækkað gjaldfærðar fyrningar og sölutap fastafjármuna og bókfært verð fastafjármuna til eignarskatts. Voru þær breytingar gerðar á þeim forsendum að kærandi hefði lagt til grundvallar framreiknað bókfært verð í skattframtali fyrir eiganda, í stað þess að byggja umsömu yfirtökuverði munanna, enda þótti ekki hægt að svo á að um sameiningu hefði verið að ræða í skilningi 56. gr. laga nr. 75/1981. Yfirkattanefnd hafði síðar með

úrskurði nr. 420/1999 staðfest niðurstöðu skattstjóra. Á árinu 1999 sameinaðist kærandi síðan öðru fyrirtæki og flutti þá í annað skattumdæmi. Félagið virti að vettugi niðurstöðu skattstjóra og yfirkattanefndar og voru skattskil félagsins á árunum á eftir í andstöðu við nefnda úrskurði. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi tók skattframtöl félagsins til endurákvörðunar og breytti þeim til samræmis við áður nefnda úrskurði og bætti 25% álagi við vantalda stofna. Deilt var um hvort tveggja ára frestur 2. mgr. 97. gr. hefði átt að girða fyrir breytingar skattstjóra. Yfirkattanefnd taldi að

það ákvæði gæti ekki átt við, enda leiddu breytingar skattstjóra til þess að kæranda ákvarðaðist skattskyldur söluhagnaður sem hafði í för með sér að kærandi þurfti að taka afstöðu til skattalegra ráðstafana, sbr. 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 75/1981. Í því ljósi þótti ljóst að ekki hefðu legið fyrir óbyggjandi upplýsingar í skilningi 3. máls. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981. Var því kröfu kæranda að þessu leyti hafnað. Kröfum um niðurfellingu álags var hafnað að öðru leyti en álag var fellt niður vegna offærða fyrninga sem þótti sýnt að mætti rekja til mistaka kæranda.

GOLFdagsskrá FLE sumarið 2004

Æskilegt er að sumarfríið verði skipulagt með hliðsjón af dagskránni sem er á þessa leið:

Fim. 3. júní kl. 13:00	Mót FLE nr. 1: Vestmannaeyjavöllur í boði útibús Íslandsbanka í Eyjum.
Miðv. 16. júní kl. 14:00	Mót FLE nr. 2: Garðavöllur Akranesi í boði Heklu hf.
Fim. 1. júlí kl. 13:00	Holukeppni við lögmenn á Kiðjabergsvelli. Aukapunktur í mótarið FLE í boði.
Miðv. 28. júlí kl. 14:00	Mót FLE nr. 3: Grafarholtsvöllur.
Þri. 10. ágúst kl. 13:00	Holukeppni við tannlækna á Nesvelli. Aukapunktur í mótarið FLE í boði.
Fim. 26. ágúst kl. 14:00	Mót FLE nr. 4: Hvaleyrarvöllur.
Fös. 10. september kl. 13:00	Meistaramót FLE Grafarholti. Högggleikur með forgjöf, 24 hámark. Uppskeruhátíð um kvöldið.

Verðlaun verða veitt fyrir góðan árangur í lok hvers móts, auk þess sem ýmsir styrktaraðilar (samningaviðræður standa enn yfir við nokkra þeirra) bjóða uppá léttar veitingar.

Reglur í mótarið FLE eru eftirfarandi:

- Stableford punktar
- Þrjú bestu mótin af fjórum gilda.
- Viðbótarpunktar í holukeppni við tannlækna og lögmenn. Fjórir punktar fyrir þá sem sigra og tveir aukapunktur fyrir jafntefli.

Liðakeppni verður í gangi allt sumarið – ungir vs. gamlir (bara spurning um hverjir lenda í eldri hópnum)

*Sjáumst í syngjandi sveiflu í sumar,
Með bestu golfkveðju,
Einvaldur.*